

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 5. júlí 2022

Mál nr. E-4318/2020:

Ásdís Virk Sigtryggisdóttir, Guðjón Egill Ingólfsson, Gunnar Ólafur Bjarnason, Helga Hauksdóttir, Halldór Kristján Ingólfsson, Ingunn Hinriksdóttir, Karl Sigtryggsson, Lára Valgerður Ingólfisdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sigríður Sveinsdóttir, Þórhildur Hrönn Ingólfisdóttir og Valfríður Möller
(Ásgeir Þór Arnason lögmaður)

gegn

Felix Von Longo-Liebenstein,
(Friðbjörn Eiríkur Garðarsson lögmaður)
og gagnsök

Og

Ásdís Virk Sigtryggisdóttir, Guðjón Egill Ingólfsson, Gunnar Ólafur Bjarnason, Helga Hauksdóttir, Halldór Kristján Ingólfsson, Ingunn Hinriksdóttir, Karl Sigtryggsson, Lára Valgerður Ingólfisdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sigríður Sveinsdóttir, Þórhildur Hrönn Ingólfisdóttir og Valfríður Möller
(Ásgeir Þór Arnason lögmaður)

gegn

Nýja húsinu Ófeigsfirði, Guðrúnu Sveinbjörnsdóttur, Gunnari Gauki Magnússyni, Halldóru Hrólfsdóttur, Hallvarði E. Aspelund, Haraldi Sveinbjörnssyni, Pétri Guðmundssyni, Valdimar Steinþórssyni, Þóru Hrólfsdóttur, Halldóri Árna Gunnarssyni, Sverri Geir Gunnarssyni og Þórunni Hönnu Gunnarsdóttur,
(Friðbjörn Eiríkur Garðarsson lögmaður),

Sæmörk ehf.,

(Arnór Halldórsson Hafstað lögmaður),

Ásdísi Gunnarsdóttur, Guðrúnu Önnu Gunnarsdóttur, Sigríði Gunnarsdóttur og Svanhildi Guðmundsdóttur,

(Guðmundur Kristinn Sigurjónsson lögmaður)

Fornaseli ehf.,

(enginn, réttargæsla)

og íslenska ríkinu.

(Edda Björk Andradóttir lögmaður, réttargæsla)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 7. júní 2022, var höfðað 15. apríl 2020 af eigendum 74,5% óskiptrar jarðarinnar Drangavíkur í Árneshreppi til viðurkenningar á landamerkjum jarðarinnar Drangavíkur gagnvart jörðunum Engjanesi og Ófeigsfirði í Árneshreppi og Laugalandi í Strandabyggð. Stefna þau í málinu eigendum þessara jarða og sameigendum sínum að jörðinni Drangavík, sem saman eiga 25,5% í óskiptri jörðinni, auk þess að stefna til réttargæslu eiganda

jarðarinnar Dranga og íslenska ríkinu sem fer með yfirráð þjóðlendu á austanverðum Drangajökli.

Stefnendur eru Ásdís Virk Sigtryggisdóttir, [...], [...], Guðjón Egill Ingólfsson, [...], [...], Gunnar Ólafur Bjarnason, [...], [...], Helga Hauksdóttir, [...], [...], Halldór Kristján Ingólfsson, [...], [...], Ingunn Hinriksdóttir, [...], [...], Karl Sigtryggsson, [...], [...], Lára Valgerður Ingólfisdóttir, [...], [...], Ólafur Gunnarsson, [...], [...], Sigríður Sveinsdóttir, [...], [...], Þórhildur Hrönn Ingólfisdóttir, [...], [...], og Valfríður Möller, [...], [...].

Stefndi Felix Von Longo-Liebenstein, með lögheimili á Ítalíu og aðsetur að [...], [...], sem er eigandi jarðarinnar Engjaness, tók til varna í málinu og höfðaði hann jafnframt gagnsök á hendur stefnendum, meirihlutaeigendum að jörðinni Drangavík, til viðurkenningar á tilteknum landamerkjum milli jarðanna Engjaness og Drangavíkur.

Stefndu í aðalsök, sem eru sameigendur að jörðinni Ófeigsfirði, eru félagasamtökin Nýja húsið Ófeigsfirði, [...], [...], Guðrún Sveinbjörnsdóttir, [...], [...], Gunnar Gaukur Magnússon, [...], [...], Halldóra Hrólfisdóttir, [...], [...], Hallvarður E. Aspelund, [...], [...], Haraldur Sveinbjörnsson, [...], [...], Pétur Guðmundsson, [...], [...], Valdimar Steinþórsson, [...], [...], Þóra Hrólfisdóttir, [...], [...], Halldór Árni Gunnarsson, Sverrir Geir Gunnarsson og Þórunn Hanna Gunnarsdóttir, öll þrjú til heimilis að [...], [...]. Þá er stefnt í aðalsök þeim Ásdísi Gunnarsdóttur, [...], [...], Guðrúnu Önnu Gunnarsdóttur, [...], [...], Sigríði Erlu Gunnarsdóttur, [...], [...] og Svanhildi Guðmundsdóttur, [...], [...], sem saman eiga 25,5% í óskiptri jörðinni Drangavík. Þessir stefndu hafa allir tekið til varna í málinu. Jafnframt höfðuðu eigendur 25,5% Drangavíkur meðalgöngusök á hendur stefnendum 11. febrúar 2022, en henni var vísað frá dómi með úrskurði 23. febrúar s.á., þar sem meðalgöngustefnendur töldust þegar eiga fulla aðild að málinu.

Einnig var stefnt í aðalsök félaginu Sæmörk ehf., [...], [...], sem er eigandi jarðarinnar Laugalands.

Til réttargæslu var í aðalsök stefnt Fornaseli ehf., [...], [...], sem er eigandi jarðarinnar Dranga, en félagið hefur ekki látið málið til sín taka.

Þá var íslenska ríkinu, Arnarhvoli, Reykjavík, einnig stefnt til réttargæslu vegna yfirráða þjóðlendu á austanverðum Drangajökli.

Með úrskurði Landsréttar 20. maí 2021 var felldur úr gildi úrskurður dómsins frá 20. apríl s.á. um frestun á meðferð málsins með vísan til 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 vegna meðferðar þjóðlendumáls fyrir óbyggðanefnd, þar sem ágreiningur málsaðila varði ekki mörk eignarlanda og þjóðlendu heldur liggi umdeild landamerki innan þess svæðis sem íslenska ríkið geri kröfu um að úrskurðað verði þjóðlenda.

Dómkröfur

Stefnendur krefjast þess í aðalsök að viðurkennt verði með dómi að landamerki jarðarinnar Drangavíkur gagnvart Engjanesi og Ófeigsfirði í Árneshreppi og Laugalandi í Strandabyggð séu þessi:

Aðalkrafa

A.

Milli Drangavíkur og Engjanes: Um línu sem dregin er úr ósi [sic] Eyvindarfjarðarár (Punktur

1) þar sem hún rennur úr Eyvindarfjarðarvatni með eftirfarandi hnitum skv. Ísnet 93-staðli:

| | | |
|----------------------|-----------------------|-----------------------|
| 1. 370325 m 625654 m | 8. 372878 m 628955 m | 15. 375209 m 630330 m |
| 2. 370496 m 627150 m | 9. 373212 m 629289 m | 16. 375840 m 630555 m |
| 3. 370786 m 627511 m | 10. 373611 m 629071 m | 17. 376167 m 630252 m |
| 4. 371210 m 627737 m | 11. 374022 m 629112 m | 18. 376344 m 629874 m |
| 5. 371423 m 628432 m | 12. 374634 m 629582 m | 19. 376556 m 629824 m |
| 6. 371722 m 628636 m | 13. 375030 m 629977 m | 20. 376616 m 629809 m |
| 7. 372629 m 628660 m | 14. 375160 m 630034 m | |

og þaðan þvert á fjöru á sjó út.

B.

Milli Drangavíkur og Ófeigsfjarðar um línu sem dregin er úr ósi [sic] Eyvindarfjarðarár (Punktur 1) til suðvesturs að mörkum gagnvart Laugalandi um merkjapunkta með eftirfarandi hnitum:

| | | |
|----------------------|-----------------------|-----------------------|
| 1. 370325 m 625654 m | 7. 366163 m 621971 m | 13. 362859 m 619448m |
| 2. 370172 m 624656 m | 8. 365074 m 621039 m | 14. 362046 m 618952 m |
| 3. 369531 m 624424 m | 9. 364847 m 620217 m | 15. 361880 m 618952 m |
| 4. 368528 m 623477 m | 10. 363911 m 620226 m | 16. 361520 m 618909 m |
| 5. 367383 m 623347 m | 11. 363185 m 620078 m | |
| 6. 366631 m 622439 m | 12. 363104 m 619924 m | |

C.

Milli Drangavíkur og Laugalands um línu sem dregin er úr punkti 16 (A) (hnit X 361520, Y 618909 m) við mörk Ófeigsfjarðar og þaðan norður að þjóðlendumörkum við Drangajökul um punkta með eftirfarandi hnitum:

| | | |
|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| 17. 361597 m 619583 m | 21. 361136 m 620352 m | 25. 360908 m 622361 m |
| 18. 361398 m 619748 m | 22. 361068 m 620958 m | 26. 360930 m 622718 m |
| 19. 361392 m 619759 m | 23. 361126 m 621244 m | 27. 360898 m 622888 m |
| 20. 361289 m 619916 m | 24. 360988 m 621759 m | 28. 360641 m 623455 m |

Varakrafa

Gagnvart stefndu eigendum Ófeigsfjarðar er gerð sú varakrafa að viðurkennt verði með dómi að landamerki milli Drangavíkur annars vegar og Ófeigsfjarðar hins vegar liggi frá ósi [sic] Eyvindarfjarðarár við Eyvindarfjarðarvatn, Punkti 1 (hnit X 370325, Y 625654), þaðan eftir syðstu kvíslum og vötnum að merkjum Laugalands um eftirfarandi hnitpunkta:

| | | |
|----------------------|----------------------|-----------------------|
| 2. 368345 m 625358 m | 5. 367625 m 625280 m | 8. 367145 m 624978 m |
| 3. 368027 m 625274 m | 6. 367343 m 624860 m | 9. 367091 m 624939 m |
| 4. 367877 m 625382 m | 7. 367223 m 624956 m | 10. 367091 m 624717 m |

11. 367070 m 624618 m
12. 367076 m 624414 m
13. 366895 m 624255 m
14. 366955 m 623808 m
15. 366976 m 623565 m
16. 366195 m 623006 m
17. 366029 m 622974 m
18. 365905 m 622751 m
19. 365911 m 622658 m
20. 365815 m 622547 m
21. 365725 m 622481 m
22. 365318 m 622404 m
23. 365295 m 622231 m
24. 365282 m 621967 m
25. 365127 m 621924 m
26. 365060 m 621854 m
27. 364988 m 621828 m
28. 364842 m 621715 m
29. 364766 m 621709 m
30. 364707 m 621666 m
31. 364707 m 621586 m
32. 364449 m 621441 m
33. 364379 m 621365 m
34. 364257 m 621335 m
35. 364240 m 621441 m
36. 364184 m 621388 m
37. 364105 m 621394 m
38. 363704 m 621262 m
39. 363628 m 621203 m
40. 363476 m 621226 m
41. 363394 m 621199 m
42. 363331 m 621282 m
43. 363232 m 621295 m
44. 363054 m 621130 m
45. 362858 m 620960 m
46. 362818 m 620716 m
47. 362587 m 620720 m
48. 362530 m 620664 m
49. 362623 m 620376 m
50. 362600 m 620273 m
51. 362666 m 620141 m
52. 362567 m 620095 m
53. 362567 m 619989 m
54. 362621 m 619726 m
55. 362609 m 619295 m
56. 362046 m 618952 m
57. 361880 m 618952 m

og síðan í punkt 16 (A) á merkjum Laugalands (hnit X:361520, Y:618909).

Í aðal- og varakröfu gera stefnendur þá kröfu að hinir stefndu eigendur Engjaness og Ófeigsfjarðar greiði stefnendum málskostnað óskipt að mati dómsins.

Í aðalsök krefst gagnstefnandi, eigandi jarðarinnar Engjaness, L141672, þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu.

Í gagnsök krefst gagnstefnandi þess að viðurkennt verði með dómi að landamerki milli jarðanna Engjaness, L141672, og Drangavíkur, L141670, liggi á eftirfarandi hátt: Frá Þrælskleif við sjó (X376616 Y629809) beina línu í vörðu á Skerjasundsmúla (X375840 Y630555). Úr vörðunni fylgi landamerki hæstu fjallsbrúnum (vatnaskilum) þar sem vötnum hallar til Drangavíkurdals milli eftirtalinna hnita (X373877 Y629158), (X371041 Y627676), (X369008 Y626627) og (X367444 Y627327) allt að hornmarki milli Engjaness, Drangavíkur og Dranga í 475 metra háum hnúk norðan og austan við Kringluvatn (X366426,0626 Y628266,2844).

Þá krefst gagnstefnandi bæði í aðalsök og gagnsök málskostnaðar að skaðlausu óskipt úr hendi aðalstefnenda samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti.

Í gagnsök krefjast stefnendur, stefndu í gagnsök, þess að vera sýknuð af öllum kröfum gagnstefnanda og að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans.

Stefndu sameigendur jarðarinnar Ófeigsfjarðar, L141707, gera þær dómkröfur, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda í málinu. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu óskipt úr hendi stefnenda samkvæmt málskostnaðaryfirliti.

Stefndu sameigendur að 25,5% óskiptrar jarðarinnar Drangavíkur gera þær dómkröfur að allir stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda í málinu og að fallist verði í einu og öllu á dómkröfur stefnda og gagnstefnanda Felix von Longo-Liebenstein, þ.e.: Að viðurkennt verði með dómi að landamerki milli jarðanna Engjaness, L141672, og Drangavíkur, L141670, liggi á eftirfarandi hátt: Frá Þrælskleif við sjó (X376616 Y629809) beina línu í vörðu á Skerjasundsmúla (X375840 Y630555). Úr vörðunni fylgi landamerki hæstu fjallsbrúnum (vatnaskilum) þar sem vötnum hallar til Drangavíkurdals milli eftirtalinna hnita (X373877 Y629158), (X371041 Y627676), (X369008 Y626627) og (X367444 Y627327) allt að hornmarki milli Engjaness, Drangavíkur og Dranga í 475 metra háum hnúk norðan og austan við Kringluvatn (X366426,0626 Y628266,2844). Þá er þess krafist að stefnendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Af hálfu stefnda eiganda jarðarinnar Laugalands voru engar kröfur gerðar fyrr en við málflutning við aðalmeðferð, en þá var krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Réttargæslustefndi íslenska ríkið krefst þess að stefnendur verði óskipt dæmdir til að greiða réttargæslustefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu réttargæslustefnda Fornasels ehf. eru engar kröfur gerðar í málinu.

Málsatvik og helstu ágreiningsefni

Mál þetta varðar landamerki jarðarinnar Drangavíkur á Ströndum og snýst einkum um landamerki gagnvart jörðunum Engjanesi og Ófeigsfirði. Jarðirnar liggja suður af nyrstu jörð í Árneshreppi, Skjaldabjarnarvík. Næst henni liggur jörðin Drangar norðan Drangaskarða. Jörðin Drangavík liggur næst sjó sunnan Drangaskarða í samnefndri vík en sunnan víkurinnar er Drangavíkurfjall. Þar næst er jörðin Engjanes sem liggur sunnan undir Drangavíkurfjalli við norðanverðan Eyvindarfjörð allt að Eyvindarfjarðará þar sem hún rennur til sjávar. Sunnan árinna tekur við jörðin Ófeigsfjörður, sem land á við samnefndan fjörð sunnan Eyvindarfjarðar og liggur jafnframt að jörðinni Laugalandi í Strandabyggð.

Stefnendur eru eigendur að 74,5% jarðarinnar Drangavíkur og höfða mál þetta svo sem nánar er rakið í dómkröfum hér að framan til viðurkenningar á landamerkjum milli þar greindra jarða á hendur eigendum þeirra og á hendur sameigendum sínum sem eiga 25,5% jarðarinnar Drangavíkur. Telja stefnendur að óleystur sé ágreiningur um landamerki Drangavíkur gagnvart jörðunum Engjanesi og Ófeigsfirði og að jörðin Laugaland eigi einnig land að umdeildu svæði.

Þau stefndu sem tekið hafa til varna krefjast sýknu af öllum kröfum stefnenda. Auk þess krefst eigandi Engjaness í gagnsök viðurkenningar á nánar tilgreindum landamerkjum milli jarðanna Drangavíkur og Engjaness sem eru frábrugðin þeim sem stefnendur krefjast viðurkenningar á í A-hluta aðalkröfu sinnar. Ágreiningslaust er að landamerki jarðanna liggja frá sjó eftir fjallsbrún Drangavíkurfjalls, en inn til landsins er verulegur ágreiningur um landamerkin. Krafa gagnstefnanda felur í sér að mörk jarðanna fylgi fjallsbrún ofan Drangavíkurdals norður til hnúks þar sem komi saman mörk jarðanna Dranga, Drangavíkur og Engjaness. Frá þeim punkti vestur til Drangajökuls liggi landamerki jarðanna Dranga og Engjaness, en í austur óumdeild landamerki Drangavíkur og Dranga til sjávar við Drangaskörð.

Krafa aðalstefnenda felur það í sér að í framhaldi af landamörkum á fjallsbrún Drangavíkurfjalls frá sjó liggi landamerki Engjaness og Drangavíkur suður frá fjallinu og endi við Eyvindarfjarðará þar sem hún fellur í fossi úr Eyvindarfjarðarvatni, en ágreiningslaust er að Eyvindarfjarðará markar landamerki Engjaness og Ófeigsfjarðar. Samkvæmt B-lið aðalkröfu stefnenda liggja landamerki jarðanna Drangavíkur og Ófeigsfjarðar þaðan til suðvesturs, en samkvæmt varakröfu liggja þau fyrst í vestur eftir miðju Eyvindarfjarðarvatni. Verði fallist á kröfur stefnenda teldist til Drangavíkur land ofan Drangavíkurdals, sunnan landamerkja Dranga og suður um Ófeigsfjarðarheiði allt að Laugalandi við mörk Ófeigsfjarðar og þaðan norður að þjóðlendumörkum við Drangajökul. Engjanes ætti ekki land að jökli, heldur land frá sjó að Eyvindarfjarðarvatni á lengdina og á breiddina frá Eyvindarfjarðará upp á fjallsbrún Drangavíkurfjalls.

Verði fallist á kröfur gagnstefnanda ætti Drangavík ekki landamerki að öðrum jörðum en Engjanesi og Dröngum, en Engjanesi tilheyrði land inn að jökli. Öll stefndu sem tekið hafa til efnisvarna taka undir málatilbúnað gagnstefnanda og gera sameigendur stefnenda að Drangavík fyrir sitt leyti sömu kröfur og hann varðandi landamerki jarðar sinnar og krefjast þess að fallist verði á kröfur hans. Eigendur Ófeigsfjarðar taka undir allar málsástæður gagnstefnanda og telja, eins og eigandi Laugalands, jörð sína ekki eiga landamerki að Drangavík.

Um landamerki jarðanna liggja fyrir ýmsar heimildir allt frá Landnámabók til síðari tíma, þar á meðal eru landamerkjabréf um jarðirnar frá árinu 1890, sem aðilar vísa til ásamt öðru til stuðnings kröfum sínum, en túlka þau hver með sínum hætti.

Það athugist að til einföldunar er hér að framan aðeins getið höfuðátta í lýsingum á megininntaki krafna aðila og helstu ágreiningsefnum þeirra. Dómari skoðaði vettvang ásamt lögmanni stefnenda, lögmanni gagnstefnanda og stefndu eigenda Ófeigsfjarðar og lögmanni stefndu eigenda 25,5% í Drangavík þann 27. maí sl. Við aðalmeðferð málsins þann 7. júní sl. gaf Guðjón Egill Ingólfsson aðilaskýrslu, en hann er einn stefnenda sem saman eiga 74,5% hlut í Drangavík. Vitni báru þar Jón Kristinsson, hluthafi í réttargæslustefnda Fornaseli ehf. sem á jörðina Dranga, og Ásgeir Gunnar Jónsson, en hann hefur dregið upp kort af svæðinu og er eiginmaður einnar af þeim stefndu sem saman eiga 25,5% hlut í Drangavík.

Málsástæður og lagarök stefnenda í aðalsök

Í stefnu kemur fram að stefnendur telji að þegar Drangavík hafi ásamt Dröngum verið numin á landnámsöld hafi landnámið náð til vatnaskila á Drangajökli og hafi landið fylgt jörðinni allar götur síðan og að land Ófeigsfjarðar hafi verið þar sunnan við. Engar vísbendingar eða skriflegar heimildir séu um annað. Í þeim tilvikum sem öðrum heimildum sé ekki til að dreifa um merki landnámsjarða hafi almennt verið litið svo á að land hafi verið numið milli fjalls og fjöru, það er frá vatnaskilum hæstu fjallseggja þar sem landi hallar og vötn falli til hins numda lands og þaðan allt til sjávar. Því megi álykta að lönd landnámsmanna á Ströndum hafi náð frá hábungu á vatnaskilum í vestri og til sjávar.

Landnámsmaðurinn Þorvaldur Ástvaldsson hafi numið Drangavíkurland að Engjanesi, sem þá hafi verið örnefni en ekki jörð. Landnám Eyvindar hafi náð að Engjanesi að sunnan, eins og rakið sé í ritinu Landið og landnáma. Engjanes hafi verið eyðijörð um aldir, en um tilurð og afmörkun jarðarinnar séu ekki skýrar heimildir að öðru leyti en því að fyrr á öldum hafi hún heitið Engjanes. Hún hafi ekki verið landnámsjörð heldur byggst síðar og þá fengið land frá Drangavík og Eyvindarfirði, sem ekki sé lengur til sem sjálfstæð jörð. Búin hafi verið til jörð sem hafi haft Eyvindarfjarðará á annan veg en

Þrælskleif á hinn veginn og hafi hún verið nefnd eftir helsta kennileitinu, Enginesi. Jörðin Ófeigsfjörður nái að Eyvindarfjarðará og jörðin Engjanes sé þar næst sjó norðan við.

Ummæli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín yfir Trékyllisvíkurhrepp frá 1706 segi að Engjanes „kann eigi að byggjast nema sá í Drangavík hafi það með“. Bendi það til þess að þar hafi verið vesælt og landlítið kot. Það sé einnig staðfest í fleiri gögnum. Jarðarinnar sé getið í máldaga Stafholtskirkju um 1140 og þar segi meðal annars um eignir kirkjunnar: „Engi nes a strondum norðr [ok] reki með.“ Jörðin virðist hafa fylgt Stafholtskirkju um sjö alda skeið og sé hennar getið í máldögum og vísitasíum með þessum hætti fyrr á öldum. Um jörðina segi 30. maí 1707 í gögnum um úttektir kirkna og staða í Mýrprófastsdæmi: „... Eynginesi ä Stróndum Sem Vm nockur är hefur verid i Eydi og Stafholltz presti Ägödalaus“.

Í jarðamati Strandasýslu frá 1804 sé dýrleiki Engjanes metinn sex hundruð, engin búseta sé á jörðinni og hún notist aðeins sem beitiland fyrir jörðina Drangavík. Ekkert komi fram um afmörkun eða ítök Engjanes. Í mati Drangavíkur komi fram að heimaland og útlendi sé undirlagt af sandfoki og skriðum, en engin slík athugasemd sé í matinu hjá Engjanesi. Þar segi hins vegar að jörðin hafi verið í eyði frá 1740 og þar þrífist engar skepnur. Jörðin Engjanes sé ekki tekin fyrir í Jarðatali Jóns Johnsen frá 1847, en í neðanmálgrein við jörðina Drangavík komi fram að Engjanes hafi árið 1805 verið beitiland frá Drangavík, en að jarðabækurnar eignu Stafholtskirkju jörðina Engjanes. Jarðabók Árna og Páls meti jörðina fjögur hundruð að dýrleika en árið 1805 sé hún sögð vera sex hundruð að dýrleika. Árni og Páll sem og jarðabók frá 1760 telji hana í eyði og hennar sé þá hvorki getið hjá sýslumanni eða presti. Engar upplýsingar séu um jörðina Engjanes í jarðamati Strandasýslu frá 1849–1850.

Í fasteignamati Strandasýslu frá 1916–1918 hafi Drangavík verið metin án húsa á 1.000 kr. en Engines á 150 kr. Þá segi í fasteignamatinu að landamerki séu þinglesin og að þau séu ágreiningslaus, en ekkert komi fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar. Í fasteignamatinu segi um Engjanes að jörðin sé notuð frá Drangavík gegn átta króna afgangi, en um Drangavík segi í fasteignamatinu að beitiland sé víðlent en snjóþungt. Í fasteignabók 1921 sé landverð Drangavíkur metið á 11 hundruð en tvö hundruð á Engjanesi, í fasteignamati 1932 sé landverðið á Drangavík 1300 en 200 á Engjanesi og í fasteignamati 1942–1944 sé landverðið á Drangavík 1700 en 400 á Engjanesi.

Landamerkjabréfin hafi verið öruggar heimildir síns tíma og hafi verið samþykkt af eigendum aðliggjandi jarða og séu þinglýstar heimildir fyrir eignarrétti. Eftir skráningu landamerkjabréfanna 1890 hafi engir samningar verið gerðir sem breyti merkjum milli jarðanna svo að merkjalýsingar þeirra skuli gilda.

Landamerkjabréf Drangavíkur, dagsett 2. júlí 1890 og þinglýst sama dag við manntalsþingsrétt að Árnosi, hljóði svo:

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Drangavík í Árneshreppi.

Milli Dranga er Drangatangi við sjóinn sjónhending af lægsta Skardatindinum á vördu þá sem er á Klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eptir þeirri línu til sjóar. En milli Drangavíkur og Engjaness er Þrælskleif og nordanverdu kúpóttur klettur og varda beint upp af honum. Kálhólmar 3 með Ædarvarpi.

p.t. Árnesei 2. júlí 1890

J.J. Thorarensen fyrir Jón Ásgeirsson Guðm. Pjetursson á Dröngum.

Landamerkjabréf Engjaness, dagsett 2. júlí 1890, þinglýst sama dag við manntalsþingsrétt að Árnesei, hljóði svo:

Landamerkjaskrá fyrir eyðijördina Engjaness í Árneshreppi.

Hornmark milli Engjaness og Drangavíkur er Þrælskleif, þaðan beint til fjalls, svo eptir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjardará en hún ræður merkjum til sjóar milli Engjaness og Ófeigsfjardar.

p.t. Árnesei 2. júlí 1890 J.J. Thorarensen umráðamaður Drangavíkur og fyrir Sr. Jóhann Þorsteinsson í Stafholti umradamann Engjaness. Guðmundur Pjetursson fyrir hönd jarðeigendanna í Ófeigsfirði.

Landamerkjabréf Ófeigsfjarðar, dagsett 21. janúar 1890, þinglýst 2. júlí sama ár við manntalsþingsrétt að Árnesei, hljóði svo:

Landamerki fyrir jördinni Ófeigsfirði í Árneshreppi innan Strandasýslu.

Land jardarinnar er frá Helgaskjóli og norður að Eyvindarfjardará og eru þar skír landamerki, fram til fjalls á Ófeigsfjörður svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi og liggur því undir Ófeigsfjörð allur Húsadalur og allur Sýrárdalur út á Seljanesmúla að vörðum þeim, sem skilja milli Ófeigsfjardar og Seljaneslands. Á sjó á Ófeigsfjörður út þangað til Helgaskjól er að bera í landamerkjavörðu, sem þar er uppi á múlanum, þ.e. Ófeigsfjörður á nokkuð lengra á sjó úteptir en á landi [...]

Reykjafirði, 21. jan. 1890. J.J. Thorarensen.

Guðm. Pjetursson Þorkell Þorkelsson

Gísli Gíslason. Jón Gíslason Ragnheidur Óladóttir jarðareigendur.

Landamerki Ófeigsfjarðar séu skráð í kaupsamningi um hálfa jörðina fyrir 20.000 krónur þann 7. maí 1921 þannig:

Milli Seljaness og Ófeigsfjarðar í læk, er fellur til sjávar hjá svonefndu Helgaskjóli, ræður hann merkjum frá sjó að vörðu á múlabrúninni þar upp af, þaðan sjónhending eptir sömu stefnu uppá hámúlann. – Milli Drangavíkur og Ófeigsfjarðar ræður Eyvindarfjardará merkjum frá sjó til upptaka, en á aðra vegu á Ófeigsfjörður land eins langt og vötn falla þar til sjávar.

Stefnendur kveða síðast hafa verið búið í Drangavík árið 1947. Forfeður stefnenda hafi verið hluthafar í Söguninni hf. á Eyri við Ingólfsfjörð sem keypt hafi jörðina 1953. Því félagi hafi verið slitið árið 1982 og hafi jörðin síðustu áratugi verið nytjuð til reka, selveiði og dúntekju. Landamerkin milli jarðanna þriggja hafi að beiðni

stefnenda verið færð á uppdrátt og hnitsett af Sigurgeiri Skúlasyni landfræðingi sumarið 2019 og hafi hann stuðst við hin þinglýstu landamerkjabréf.

Fyrsti uppdráttur ætlaðra merkja jarðarinnar Drangavíkur og Engjaness muni hafa verið gerður á árinu 2002 í tengslum við svokallað Nytjalandsverkefni. Það hafi verið samstarfsverkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Bændasamtaka Íslands, Landgræðslu ríkisins og landbúnaðarráðuneytisins og hafi tilgangur þess verið að safna upplýsingum um bújarðir landsins og skrá þær inn í sameiginlegan gagnagrunn. Grunninum hafi ekki verið ætlað að vera heimild um merki jarða, en við vinnslu verkefnisins hafi verið aflað heimilda um bújarðirnar frá ábúendum og eigendum sjálfum. Það hafi hins vegar ekki átt við í tilviki Drangavíkur því enginn eigenda hafi verið spurður þegar mörkin hafi verið dregin upp heldur einungis byggt á frásögn Hauks Jóhannessonar jarðfræðings. Á uppdrætti Nytjlands séu áætluð mörk milli Drangavíkur og Engjaness færð þannig að land Engjaness lokist ekki við Eyvindarfjarðará heldur nái upp fyrir land Drangavíkur og að Drangalandi.

Stefnendur telja að þótt landamerkjabréf Drangavíkur tilgreini ekki vestustu mörk jarðarinnar verði að telja löglíkur fyrir því að merki til fjalls hafi í engu verið frábrugðin merkjum Dranga, en sú jörð hafi verið numin samtímis Drangavík og af sama landnámsmanni. Engin heimild eða vísbending sé um að jörðin Engines hafi náð að merkjum Dranga. Þvert á móti sé margt sem mæli því í gegn.

Í fyrsta lagi sé ekki að sjá af lýsingunni sjálfri í landamerkjabréfi Engjaness að svo sé. Í öðru lagi sé lýsingin skýr á þann veg að merkjalínan fari eftir vatnaskilum milli Drangavíkur og Engjaness en þar á milli sé skýr fjallgarður, Drangavíkurfjall. Þaðan fari merkjalínan í Eyvindarfjarðará en fjallgarðurinn endi við Eyvindarfjarðarvatn. Eyvindarfjarðará renni úr Eyvindarfjarðarvatni og engin á sé fyrir ofan vatnið sem hægt sé að nefna með öruggum hætti sem Eyvindarfjarðará heldur margar kvíslar án heitis.

Engin rök séu fyrir ætlaðri merkjalínu Engjaness sem dregin hafi verið á uppdráttum Nytjlands. Þar sé teiknuð lína sem sveigi til norðvesturs þegar komið sé að vestur-enda Drangavíkurfjalls. Fjarlægist línan þannig Eyvindarfjarðará og sé þannig í andstöðu við texta landamerkjabréfs Engjaness. Samkvæmt bréfinu hafi jörðin verið með skýrt afmarkað land á alla vegu og hringurinn lokast við Eyvindarfjarðará. Þegar haft sé í huga að Engjaness verði til síðar en landnámsjarðirnar sé skiljanlegt hvers vegna sú jörð ein sé með afmarkað land á alla vegu en Drangavík og hinar landnámsjarðirnar séu áfram með sitt afréttar- eða eignarland upp að vatnaskilum.

Heimildir um Eyvindarfjarðará og lýsingar séu á þann veg að þær takmarkist við ána sem rennur úr Eyvindarfjarðarvatni. Í Sóknarlýsingum Vestfjarða, útg. 1957, sem byggðar hafi verið á skýrslum presta um miðja 19. öld, segi að fyrir austan Drangafjall komi dalur einn mjög langur, sem heiti Drangavíkurdalur, og liggi hann í fullt útsuður fram undir Drangajökul. Suðaustanvert við hann sé Drangavíkurfjall. Í sóknarlýsingunni

segi einnig að Drangavíkurfjall sé stórt og geysihátt klettafjall og liggi það í suður og útsuður, fram undir eystri sporðinn á Drangajökli og Ófeigsfjarðarheiði. Í kaflanum um ár segi: „Fyrir sunnan Drangavíkurfjall og Engjanes rennur Eyvindarfjarðará, til austurs, út í Eyvindarfjörð. Það er mikið vatnsfall og illt yfirferðar. Hún rennur mestmegnis í gljúfrum, og er alls staðar ströng. Í tveim stöðum eru vöð á henni, og heitir hið efra Stangarvað. Hún rennur ofan af Ófeigsfjarðarheiði norðanverðri og hefur þar upptök sín úr smákvíslum.“ Þannig sé því lýst að Eyvindarfjarðará sé sunnan við Drangavíkurfjall en fjallsendinn sé við Eyvindarfjarðarvatn. Lýsingin á Eyvindarfjarðará, að hún sé mikið vatnsfall og illt yfirferðar og renni mestmegnis í gljúfrum, sé nánast sönnun þess að átt sé við vatnsfallið neðan vatns, því ástandið ofan þess sé allt annars eðlis.

Stefnendur telji ljóst að þar sem vötnum halli til suðurs frá línu sem dregin sé á vatnaskilum gagnvart Ófeigsfirði liggi lönd Drangavíkur norðan við. Samkvæmt merkjalýsingu fyrir Ófeigsfjörð séu norðurmörk jarðarinnar við Eyvindarfjarðará sem skilji að merki Ófeigsfjarðar og Engjanes. Ofan Eyvindarfjarðará, þar sem hún renni úr Eyvindarfjarðarvatni, liggi merkin fram til fjalls á vatnaskilum svo langt sem vötnum halli að Ófeigsfjarðarlandi. Því megi ljóst vera að vestan óss Eyvindarfjarðará, þar sem vötnum halli til norðurs frá línu sem dregin sé á vatnaskilum, liggi lönd Drangavíkur.

Samkvæmt uppdrætti Sigurgeirs Skúlasonar séu merki Drangavíkur og Dranga frá hnitasettum punkti við sjóinn og þaðan í vörðu á klettunum skammt fyrir ofan sjóinn, þaðan sjónhending í lægsta Skarðatindinn í Drangaskörðum og síðan til fjalls eftir dreginni línu á milli efstu tinda á vatnaskilum að hnitapunkti nr. 39 austan við Drangajökul og þaðan beina línu í Þjóðlendumörk. Þetta sé gagnkvæmur skilningur stefnenda og eigenda Dranga. Í merkjalýsingu fyrir Engjanes segi að merkin að norðanverðu byrji við sjóinn í Þrælskleif, liggi þaðan beint til fjalls eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará sem ráði síðan merkjum til sjávar. Þarna sé stutt og einföld lýsing og ekkert minnst á Dranga, jökulinn, upptök vatnsfalla, vötn eða annað sem gæti bent til þess að Engjanes fengi meira land en að Eyvindarfjarðará þar sem hún sé skýr í landslaginu og falli í gljúfrum niður frá Eyvindarfjarðarvatni. Ljóst sé af merkjalýsingu í landamerkjabréfi Engjanes að jörðin Engjanes sé afmörkuð sneið úr því landi sem liggi á milli jarðanna Ófeigsfjarðar og Dranga og nái land hennar hvergi upp fyrir Eyvindarfjarðará. Þetta fái stuðning í niðurstöðum óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019.

Við skýrslutökur í óbyggðanefndarmálinu hafi komið fram af hálfu eins skýrslugjafa að aðgreining í Efra- og Neðra Eyvindarfjarðarvatn væri líklega frá síðari tímum, enda væri einungis eitt Eyvindarfjarðarvatn merkt inn á eldri kort. Getið sé um bæði Efra- og Neðra-Eyvindarfjarðarvatn í ritinu Örnefnalýsing Ófeigsfjarðar eftir Hauk Jóhannesson jarðfræðing frá árinu 1988 og bæði vötnin hafi verið merkt inn á kröfulínukort aðila óbyggðanefndarmálsins með þeim heitum.

Hjá Stofnun Árna Magnússonar séu til örnefnaskrár um jarðirnar Ófeigsfjörð og Drangavík en ekki um Engjaness, heldur séu örnefni innan þeirrar jarðar felld undir Drangavík. Þá skrá hafi Haukur Jóhannesson tekið saman 1988 og síðar. Við gerð hennar hafi hann talað við eigendur Ófeigsfjarðar en ekki rætt við eigendur Drangavíkur eða fólk sem þar hafi búið. Örnefni séu fá á umdeildu svæði nema Eyvindarfjarðarvatn enda sé landsvæðið nánast berar klappir, melar og ógróið eða lítt gróið land. Hins vegar sé þar nokkuð af tjörnum og smákvíslum sem renni í Eyvindarfjarðarvatn. Sunnar og vestar á svæðinu sé vatn sem á síðari tímum hafi verið merkt Efra-Eyvindarfjarðarvatn.

Í formála fyrirnefndrar örnefnaskrár segi Haukur að milli Ófeigsfjarðar og Engjaness/Drangavíkur ráði Eyvindarfjarðará fram undir Neðra-Eyvindarfjarðarvatn, en þar klofni Eyvindarfjarðará og óvíst sé hvor kvíslin hafi ráðið merkjum, enda hafi vart verið þörf á að skipta landi þar framfrá þar sem nýttar hafi engar verið. Eigendur Ófeigsfjarðar hafi gert samning um landamerki við eigendur Laugalands þann 7. mars 2015 þar sem greinilega sé byggt á því að merki gagnvart Engjanessi sé um syðstu upptakakvísl sem renni til Eyvindarfjarðarvatns. Á norðanverðu svæðinu sé Kringluvatn sem eigendur Dranga kannist vel við og hafi staðfest að sé við eða sunnan við merki Dranga og Drangavíkur.

Óbyggðanefnd hafi felld úrskurð í máli nr. 1/2019 þann 21. febrúar 2020 þar sem austurhluti Drangajökuls hafi verið gerður að þjóðlendu. Þar segi:

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. suðausturhluti Drangajökuls, er þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna: Upphafspunktur er við Hrollleifsborg. Þaðan er jökuljagri Drangajökuls fylgt suður uns komið er að þeim stað sem er á sýslumörkum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu. Þaðan er farið norður eftir sýslumörkum og sveitarfélagamörkum og svo til norðausturs, eftir sömu mörkum, að upphafspunktinum Hrollleifsborg. Miðað er við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna. Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Í óbyggðanefndarmálinu hafi eigendur Dranga gert kröfu um viðurkenningu eignarréttar á landsvæði að sýslumörkum á jökli og hið sama hafi stefnendur gert fyrir hönd Drangavíkur á þeim grundvelli að land Drangavíkur næði upp á jökul með sömu skilgreiningu á landi Drangavíkur og í þessu máli. Stefndu eigendur Ófeigsfjarðar og Engjaness hafi gert sameiginlega og óskilgreinda kröfu um viðurkenningu á eignarlandi á jöklinum. Óbyggðanefnd hafi hafnað eignarréttarkröfum jarðaeigendanna en ekki tekið afstöðu til eignarréttarins á landi inn að jökli. Sveinn Kristinsson frá Dröngum hafi staðfest í bréfi til óbyggðanefndar að jörðin Drangar liggi ekki að Engjanessi. Þá hafi þau Jón Kristinsson og Bjarnveig Samúelsdóttir frá Dröngum staðfest í skýrslu sinni hjá

óbyggðanefnd að merki jarðarinnar liggi ekki að Engjanesi að sunnanverðu, heldur einungis að Drangavík.

Í niðurstöðum óbyggðanefndar sé fjallað nokkuð um kröfur Engjaness og leiddar líkur að því að tilvísun í landamerkjabréfi Engjaness til vatnaskila eigi við vatnaskil á Drangavíkurfjalli en síður ofan við svokallað Efra-Drangavíkurvatn. Þar segi m.a.:

Telja verður ljóst að þar sem merkjum Engjaness er lýst frá Þrælskleif „beint til fjalls“ og svo „eptir hæstu fjallsbrún“ sé a.m.k. átt við framangreind vatnaskil á Drangavíkurfjalli, enda liggur Drangavíkurfjall beint upp af Þrælskleif, myndar skýr skil milli vatnasviða Eyvindarfjarðarár og Drangavíkurár og eðlilegt má telja að vísa til hæstu brúna þess sem „hæstu fjallsbrúnar“. Meiri vafi leikur á um hvort merkjalýsingin verði með réttu heimfærð á þau vatnaskil sem vestar liggja. Þau vatnaskil eru ekki eins greinileg í landslagi og liggja um heiðarland en ekki tiltekið fjall. Því verður að telja að hugtakið „fjallsbrún“ verði síður heimfært á þau þar en á Drangavíkurfjalli og enn síður að það verði talið eiga við um línu sem dregin er inn á Drangajökul, eins og gagnaðilar ríkisins byggja á. Þá er til þess að líta að þegar komið er vestarlega á heiðina rennur Eyvindarfjarðará ekki um einn farveg heldur rennur hún þar um nokkrar upptakavíslar og landamerkjabréfið hefur ekki að geyma lýsingu á því í hverja þeirra merkin skyldu dregin frá „fjallsbrún“ sem staðsett væri svo ofarlega á heiðinni, enda kemur ekki fram í landamerkjabréfinu í hvaða stað í ánni línun skuli dregin.

Eigendur Ófeigsfjarðar hafi afmarkað land sitt bæði að því er virðist við vatnaskil norður af Ófeigsfjarðarheiði og svo við syðstu upptakavíslina á vatnasviðinu ofan Eyvindarfjarðarvatns, sbr. áðurgreindan samning um landamerki við Laugaland frá 2015. Enn fremur hafi þeir í óbyggðanefndarmálinu talið sig eiga land upp á Drangajökul og land að Drangajörðinni. Allt bendi þetta til þess að eigendurnir séu ekki vissir í sinni sök og að landamerkjavitund þeirra sé óskýr.

J.J. Thorarensen hafi áritað landamerkjabréf Dranga 24. maí 1890 um samþykki vegna Skjaldabjarnarvíkur og Drangavíkur en ekki komi fram að það sé áritað um samþykki vegna annarra jarða sem sem eigi land að Dröngum þó að J.J. Thorarensen hafi undirritað landamerkjabréf Engjaness rúmum mánuði síðar fyrir hönd umráðamanns Engjaness. Áritunarskorturinn bendi til þess að J.J. Thorarensen hafi vitað sem umboðsmaður eiganda Engjaness að landamerki Dranga og Engjaness lægju ekki saman, enda sé Dranga hvergi getið í landamerkjabréfi Engjaness. Þinglýst landamerkjabréf Engjaness frá 1890 sé undirritað af eigendum Engjaness og eigendum Drangavíkur en ekki eigendum Dranga, sem renni stöðum undir það að jörðin Drangar hafi hvergi legið að Engjanesi. Skýr fyrirmæli séu í landamerkjalogunum frá 1882 um að eigendur aðliggjandi jarða skuli undirrita landamerkjabréf jarðar svo þinglýsingin hafi eitthvert gildi. Landamerkjabréfin hafi aldrei verið vefngd að þessu leyti og hafi þinglýsing þeirra

staðfestingargildi að því er varði aðliggjandi jarðir. Ekki komi fram í landamerkjabréfi Engjaness að Eyvindarfjarðará ráði til upptaka og ekki sé minnst á upptakakvíslnar. Af því leiði að við skýringu landamerkjabréfsins verði að túlka lýsinguna þannig að átt sé við hina eiginlegu Eyvindarfjarðará þar sem hún sé skýr í landslagi. Nokkuð langsótt sé að telja að Engjanes ætti land upp með Eyvindarfjarðará lengra en að Eyvindarfjarðarvatni. Ekki sé minnst á vatnið í landamerkjabréfinu eða hvaða kvísl ætti að miða við þegar finna skyldi „Eyvindarfjarðará“ ofan vatnsins.

Mikil líkindi séu til að eigendur Ófeigsfjarðar hafi á síðustu áratugum yfirfært merkin gagnvart Engjanesi í sínum ranni þannig að þau næðu upp eftir öllum kvíslum ofan Eyvindarfjarðarvatns þótt landamerkjabréf Engjaness segi annað. Sama gildi um heitið á vatnsfallinu. Eyvindarfjarðará hafi á síðari tímum verið yfirfærð á kvísl eða kvíslar ofan vatnsins. Sú frásögn Sóknarlýsingar Vestfjarða að Eyvindarfjarðará eigi upptök sín í kvíslum bendi ekki til þess að áin sé í tilteknum farvegi þar efra heldur að vatnið í hana komi úr þessum kvíslum.

Jörðin Engjanes hafi nánast verið kot út frá landnámsjörðinni Drangavík og ekki hafi verið hægt að stunda búskap þar. Aðalkostur jarðarinnar hafi verið rekinn og lítið vitað um kosti hennar að öðru leyti en því að hún hafi verið óbyggileg eyðijörð í ómunatíð. Það sé næsta fráleitt að ætla að eigandi Drangavíkur og/eða Eyvindarfjarðar og síðar Ófeigsfjarðar hafi látið þann sem fengið hafi rekajörðina Engjanes eiga land úr landnáminu upp á hálendið, miklu frekar að hann hafi úthlutað nýju jörðinni hlíðinni fyrir ofan ströndina eins og landamerkjabréfið beri með sér.

Það sé ljóst af framangreindum jarðamötum að Engjanes hafi ekki verið landstór jörð og á fyrri hluta síðustu aldar hafi verðmæti hennar verið u.þ.b. 1/6 hluti matsverðs lands Drangavíkur. Það dragi verulega úr líkindum á því að kotjörðin Engjanes hafi fengið allt upplendi landnámsjarðarinnar Drangavíkur þegar stofnað hafi verið til jarðarinnar.

Við skýrslutökur í óbyggðanefndarmálinu hafi komið fram að aðgreining í Efra- og Neðra Eyvindarfjarðarvatn væri líklega frá síðari tímum, enda væri einungis eitt Eyvindarfjarðarvatn merkt inn á eldri kort. Óbyggðanefnd hafi talið líklegt í úrskurði sínum í máli nr. 1/2019 að með tilvitnuðum orðum landamerkjabréfs fyrir Ófeigsfjörð, þar sem segi að „fram til fjalls“ eigi Ófeigsfjörður „svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi“, sé átt við vatnaskil. Þar sem Eyvindarfjarðará sé skýrt afmörkuð neðan Eyvindarfjarðarvatns, en til vatnsins renni upptakakvíslar, þá sé nærtækast að ætla að frá ósnum í vatninu liggi merki Drangavíkur og Ófeigsfjarðar til suðvesturs eftir vatnaskilum.

Sterk vísbending um eignarrétt Drangavíkur komi fram í afsali 7. maí 1921 um hálfa jörðina Ófeigsfjörð, að milli Drangavíkur og Ófeigsfjarðar ráði Eyvindarfjarðará merkjum frá sjó til upptaka. Ekki sé minnst á Engjanes þarna né heldur hvar telja megi

að upptökin séu. Af landamerkjalyðingu jarðanna þriggja sé athyglisvert að landamerki jarðarinnar Engjaness sé þau einu sem lokast samkvæmt lýsingunni, að nyrðri mörkin gangi frá Þrælskleif beint til fjalls og eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará en þaðan beint til sjávar, en þetta séu jafnframt mörkin milli Engjaness og Ófeigsfjarðar. Mörk jarðarinnar Engjaness geti því ekki legið allt upp að Drangajökli, eins og uppdrátturinn sem unninn var í tengslum við Nyttjalandsverkefnið og skipulagsuppdrættir byggist á.

Skipulagsuppdráttur aðalskipulags Árneshrepps, uppdrættir í umhverfismati Vesturverks ehf. og uppdráttur Umhverfisstofnunar vegna friðlýsingar jarðarinnar Dranga hvíli allir á einu og sömu heimildinni og gagnagrunni Nyttjaland, sem ekki sé ætlað að vera heimild um landamerki. Á skipulagsuppdráttum Árneshrepps kom eftirfarandi fram: „Jarðamörk, til skýringar án staðfestingar. Heimildarmaður vegna jarðamarka Haukur Jóhannesson án ábyrgðar.“ Haukur hafi í skýrslu í óbyggðanefndarmáli nr. 1/2019 vikið sér undan því að svara spurningum um hvernig þau merki er höfð séu eftir honum í Nyttjalandsgrunninum samrýmist landamerkjalyðingu að því er varðar merki Engjaness og Drangavíkur inn til landsins. Hann taki þar enga afstöðu til merkjanna. Þetta sýni að engin áreiðanleg heimild sé að baki þeim gögnum er stefndu hafi stuðst við.

Kröfur stefnenda byggist á lýsingum landamerkjabréfa jarðanna Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar og jafnframt sé stuðst við landamerkjabréf Dranga. Aðalkrafa byggist á þeirri lýsingu í landamerkjabréfi Engjaness að mörkin milli Engjaness og Drangavíkur séu frá Þrælskleif við sjóinn, þaðan beint til fjalls, svo eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará. Kröfulínan hafi upphafspunkt þar sem Eyvindarfjarðará renni úr Eyvindarfjarðarvatni og síðan sé hún rakin eftir hnitpunktum á Drangavíkurfjalli til Þrælskleifar og sjávar, þ.e. andsælis landamerkjabréfinu. Gagnvart Ófeigsfirði sé merkin rakin frá sama upphafspunkti í Eyvindarfjarðará eftir hnitpunktum á vatnaskilum til suðvesturs þar til komið sé á hæð austan vatnsins sem sé efsta upphaf syðstu kvíslar ofan Eyvindarfjarðarvatns, þá sé línan tekin í miðju vatnsins og áfram til vesturs sunnan við hólma í vatninu og í punkt 12 á mörkum Ófeigsfjarðar og Laugalands sem merktur sé A í samningi milli eigenda þeirra jarða frá 7. mars 2015. Gagnvart Laugalandi sé stuðst við þann sama punkt og kröfulínan mörkuð norður eftir sveitarfélagamörkum allt til þjóðlendumarka við Drangajökul, punkt 14.

Varakrafan byggist á því sjónarmiði að Eyvindarfjarðará sé syðsta kvíslin í upptakakvíslum á vatnasvæði Eyvindarfjarðará og því að í samningi milli eigenda Ófeigsfjarðar og Laugalands 7. mars 2015 eru merkin tiltekin með því leiðarljósi þótt land Engjaness sé þar talið liggja að löndum þeirra jarða í stað Drangavíkur.

Stefnendur telja málsókn heimila þótt ekki standi allir sameigendur óskipts lands að málinu til sóknar. Bæði sé að stefndu sameigendur að Drangavík ættu ekki að skaðast við málsóknina, þannig að ekki sé gengið á hagsmuni þeirra sem sameigenda, og svo hafi stefnendur ríka hagsmuni af því að halda réttindum sínum til haga og fælist í því mikil

eignarréttarskerðing ef hinir stefndu sameigendur gætu komið í veg fyrir slíka málsókn. Þá hvíli sú lagaskylda á landeigendum að hafa glögg merki á landi sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki. Dómstólar hafi ekki talið í sambærilegum tilvikum að skyldan til samaðildar samkvæmt 18. gr. laga nr. 91/1991 standi því í vegi að einstakir sameigendur geti leitað réttar síns fyrir dómstólum vegna sameignarinnar ef hagsmunir sameigendanna verða ekki skertir með málsókninni. Til að taka af allan vafa um rétt þessara stefndu sé þeim stefnt til að þola dóm og eftir atvikum til að gæta réttar síns.

Um lagarök vísa stefnendur til 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, einnig til 1.– 6. gr. laga um landamerki nr. 41/1919, sbr. 6. gr. laga nr. 92/1991. Þá vísa stefnendur til meginreglna íslensks réttar um gildi landamerkjabréfa og túlkun þeirra og eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar, sbr. 72. gr. Einnig vísa stefnendur til meginreglna eignarréttar um nám og töku, sem og um eignarráð fasteignaeigenda. Um varnarþing er vísað til 1. mgr. 42. gr., sbr. 32. og 33. gr. laga nr. 91/1991, sbr. einnig 1. mgr. 43. gr. laganna. Krafa um málskostnað, sem aðeins er beint að stefndu eigendum Engjaness og Ófeigsfjarðar óskipt, byggist á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda og stefndu eigenda Ófeigsfjarðar

Stefndu eigendur Ófeigsfjarðar telja að fallast beri á kröfur þeirra um sýknu þegar af þeirri ástæðu að jörðin eigi ekki land að Drangavík vegna þess að Engjaness liggja á milli Ófeigsfjarðar og Drangavíkur. Telja þeir og gagnstefnandi, eigandi Engjaness, að Eyvindarfjarðará skilji að lönd Ófeigsfjarðar og Engjaness frá upptökum árinna til sjávar og séu landamerki jarðanna ágreiningslaus milli eigenda þeirra. Í aðalsök krefst gagnstefnandi sýknu með vísan til sömu málsástæðna og lagaraka og fram koma í gagnstefnu og nánar greinir hér á eftir. Beinir hann kröfum sínum í gagnsök aðeins að gagnstefndu, en aðrir stefndu í aðalsök sem láta málið til sín taka fylgja honum að málum. Telur gagnstefnandi ekki þörf á að beina kröfum að réttargæslustefnda eiganda Dranga, þar sem hann hafi opinberlega lýst landamerkjum jarðar sinnar á korti með hnitaskrá og sé gagnstefnandi í öllum verulegum atriðum samþykkur þeirri lýsingu á landamerkjum Dranga og Engjaness sem þar birtist.

Stefndu eigendur að 25,5% hlut í jörðinni Drangavík telji að landamerki jarðarinnar samræmist kröfu gagnstefnanda í málinu og því telji gagnstefnandi og stefndu eigendur Ófeigsfjarðar að gagnstefndu, stefnendur sem eiga 74,5% í Drangavík, séu bundnir af kröfum sameigenda sinna samkvæmt ákvæði 4. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Bræðurnir Eyvindur, Ófeigur og Ingólfur Herröðarsynir hafi numið land við þá firði er við þá hafi verið kenndir síðan og búið þar. Landnámsmörk milli Eyvindar og Skjalda-Bjarnar, sem nam land frá Straumnesi til Dranga og bjó í Skjalda-Bjarnarvík, hafi verið á vatnaskilum þar sem vötum halli til Eyvindarfjarðar. Þorvaldur Ásvaldsson,

sem numið hafi Drangaland og Drangavík til Enginess og búið á Dröngum, virðist hafa komið út síðar en þeir Skjalda-Björn og Eyvindur og hafa numið land innan landnáms Bjarnar, þ.e. Drangaland, en einnig Drangavík, sem virðist hafa legið ónumin milli landnáma Bjarnar og Eyvindar. Um þetta segi Haraldur Matthíasson í riti sínu Landið og Landnáma: *Líklegt virðist, að Eyvindur hafi numið land á undan Þorvaldi á Dröngum; má búast við, að Þorvaldur hefði fremur kosið Eyvindará að landamerkjum hefði hann komið fyrir.* Í ritinu fylgi teikning Haraldar sem sýni að mörk Drangavíkur séu nánast þau sömu og gagnstefnandi og hluti eigenda Drangavíkur haldi fram. Land Drangavíkur hafi því lítið breyst allt frá landnámsöld. Útlegging í stefnu á stærð landnáms Þorvaldar og landnámsmarka samræmist því ekki texta Landnámu og kenningum fræðimanna eins og Haraldar Matthíassonar.

Þeirri staðhæfingu í stefnu að fyrsti uppdráttur af ætluðum merkjum jarðanna stafi frá Nyttjalandsverkefni og muni hafa verið gerður árið 2002 sé mótmælt sem rangri, enda hafi merkjum jarðanna verið lýst með sambærilegum hætti í Árbók Ferðafélags Íslands árið 2000 – Í strandbyggðum norðan lands og vestan. Merki Drangavíkur (landnámsins) hafi verið dregin inn á kort í ritinu Landið og Landnáma og þá hafi landamerki jarðanna verið dregin upp á sambærilegan hátt í skipulagsuppdráttum Árneshrepps um langa hríð. Allar séu þessar teikningar mjög áþekkar og sýni legu lands Drangavíkur eins og hún hafi verið talin vera frá ómunatíð. Hvorki stefnendur né fyrirrennarar þeirra hafi hreyft mótmælum eða athugasemdum við þessum teikningum fyrir en nú.

Engjanes hafi verið í eigu kirkjunnar í Stafholti í Borgarfirði og sé skráð meðal eigna hennar í máldaga frá árinu 1140. Jörðin hafi verið í eigu kirkjunnar og síðar ríkisins til ársins 1958, þegar hún hafi verið seld Guðjóni Guðmundssyni hreppstjóra frá Eyri í Ingólfsfirði. Guðjón hafi arfleitt Ólaf Ingólfsson að jörðinni og hann selt gagnstefnanda hana 6. nóvember 2006. Ófeigsfjörður virðist alla tíð hafa verið í bændaeign og hafi jörðin verið í ætt stefndu í nær 200 ár. Drangavík hafi verið í eigu kirkjustofnunar og sé skráð eign Þingeyraklausturs í Sigurðarregistri árið 1525. Jörðin hafi fylgt klaustrinu og seinna klausturhaldara og ábúanda á Þingeyrum allt til ársins 1953 að jörðin komst í eigu hlutafélagsins Sögunar, sem skráð var til heimilis í Ingólfsfirði. Þegar Sögun hf. var slitið árið 1982 hafi eignarrétti að jörðinni verið ráðstafað til hluthafa í samræmi við eignarhluti í félaginu.

Gagnstefnandi og stefndu eigendur Ófeigsfjarðar telja að málatilbúnaður stefnenda einkennist af óskhyggju og rangtúlkun eða valkvæðri túlkun á heimildum, þar á meðal á landnámslýsingum og útleggingu fræðimanna á þeim. Hryggjarstykkið í málatilbúnaði stefnenda sé sú staðhæfing að Eyvindarfjarðará heiti því nafni einungis frá þeim stað þar sem áin fellur úr Neðra-Eyvindarfjarðarvatni og bæði vötn og vatnsföll séu nafnlaus þar fyrir ofan. Landamerki Engjaness og Ófeigsfjarðar geti því að áliti stefnenda ekki náð lengra en að útfalli árinna úr vatninu og þess vegna hljóti Drangavík að eiga

allt land þar fyrir ofan. Þetta sé fráleitur málatilbúnaður og með öllu órökstuddur og ósannaður.

Til stuðnings þessum staðhæfingum sínum færi stefnendur einkum þau rök að það komi fram í skýrslugjöf eins af stefnendum fyrir óbyggðanefnd að aðgreining í Efra- og Neðra-Eyvindarfjarðarvatn sé líklega frá síðari tímum, enda einungis eitt Eyvindarfjarðarvatn merkt inn á eldri kort. Hið rétta sé að á elstu kortum sé hvorki Efra- né Neðra-Eyvindarfjarðarvatn merkt heldur falli áin í skýrum farvegi frá upptökum til ósa, án þess að á vegi verði stöðuvötn af þeirri stærð sem Eyvindarfjarðarvötnin séu. Á kortum danska herforingjaráðsins af svæðinu megi glöggst sjá hvernig kortagerðarmenn dragi upp vatnasvið árinna. Ekkert vatn í líkingu við Efra- og Neðra-Eyvindarfjarðarvatn sé að finna á svæðinu og hefðu vart farið fram hjá mönnum hefðu þau á annað borð verið þar. Mælingamenn herforingjaráðsins hafi verið á ferðinni á Ströndum sumarið 1914 og hafi áin þá líklega að stofni til verið jökulvatn. Ekki sé líklegt að stöðuvötnin hafi farið að myndast fyrr en minnkaði í upptakavísl árinna úr jöklinum við hop hans. Myndun og nafngift stöðuvatnanna eigi sér því ekki stað fyrr en eftir árið 1914.

Landamerkjabréf fyrir jarðir aðila hafi verið gerð árið 1890. Ekki liggi fyrir önnur kort sem sýni vatnafar nær landamerkjabréfunum í tíma en kort herforingjaráðsins. Komist það kort því næst því að sýna farveg Eyvindarfjarðarár eins og hann hafi verið á þeim tíma. Með hliðsjón af 2. mgr. 3. gr. vatnalaga verði því ekki hjá því komist að leggja kortið til grundvallar við úrlausn málsins.

Á korti af Strandasýslu á Þjóðskjalasafni Íslands, talið teiknað á árabílinu 1720–1727, sjáist vel að Eyvindarfjarðará renni ekki í gegnum stöðuvatn á leið sinni til sjávar heldur í skýrum farvegi frá upptökum í Drangajökli til sjávar. Til marks um nákvæmni kortsins sé að bæði Kringluvatn og Meyjardalsvatn eru dregin á kortið. Höfundur þess hafi því verið gagnkunnugur á svæðinu. Í skrá yfir teikningasafn Þjóðskjalasafns komi fram að kortið af Strandasýslu sé frá því um 1720. Sr. Hjalti Þorsteinsson í Vatnsfirði sé líklega höfundur kortsins, en Jón Árnason Skálholtsbiskup, prestur á Stað í Steingrímsfirði á árunum 1707–1721, gæti verið höfundur þess. Það hafi verið límt inn í bréfabók Peters Rabens fyrir árið 1722, þá stiftamtmanns yfir Íslandi.

Stefnendur rangtúlki að það sem fram komi í sóknarlýsingum Vestfjarða um Eyvindarfjarðará takmarkist við ána sem renni úr Eyvindarfjarðarvatni. Það sé alveg ljóst í huga þess sem riti sóknarlýsinguna að Eyvindarfjarðará eigi upptök sín í kvíslum á Ófeigsfjarðarheiði norðanverðri og haldi því nafni þar til hún falli til sjávar, ólíkt því sem stefnendur haldi fram. Samræmist sóknarlýsingin ágætlega uppdrætti af ánni á korti herforingjaráðsins, sem sýni tvær meginupptakavíslar árinna norðarlega á Ófeigsfjarðarheiði. Þá segi í sóknarlýsingunni að Eyvindarfjarðará renni fyrir sunnan Drangavíkurfjall og Engjanes. Þar komi fram að Drangavíkurfjall, sem sé geysihátt klettafjall, liggi í suður og útsuður fram undir eystri sporð á Drangajökli og Ófeigsfjarðarheiði. Ekki sé minnst

einu orði á Drangavík, sem þó hefði verið eðlilegt í þessu samhengi ef landamerki lægju eins og stefnendur haldi fram. Í sýslulýsingu Strandasýslu, um 100 árum eldri en sóknarlýsingin, komi fram að Eyvindarfjarðará eigi upptök sín í Drangajökli.

Í ferðalýsingu Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um Hornstrandir sumarið 1754, segi: *Eyvindará, Hvalsá og Bjarnarfjarðará á Hornströndum. Í þeim er jökulvatn, sem laxinn ekki ætíð firrist.* Í ferðalýsingu H. Benary sumarið 1914 segi: *Die Weiterreise ging uber Land zur Hornkuste zum Furufjörður und Reykjarfjörður, nach Drangar und da die vom Drangajökull kommende Hvalsá unpassierbar war...* Í kaupsamningi um hálfu jörðina Ófeigsfjörð, dags. 7. maí 1921 segi um landamerki þeirrar jarðar: *Milli Drangavíkur og Ófeigsfjarðar ræður Eyvindarfjarðará merkjum frá sjó til upptaka.* Ekki hafi hér sérstaka þýðingu að vísað sé til Drangavíkur, enda hafi ábúendur Drangavíkur haft Engjaness á leigu um langa hríð og nýtt lönd beggja jarða samhliða. Oft sé vísað til jarðanna saman í heimildum eða eingöngu til Drangavíkur, þar sem lengur hafi verið búið. Það sem hér skipti máli sé að árið 1921 sé talið að Eyvindarfjarðará ráði merkjum Ófeigsfjarðar frá upptökum til ósa.

Af málalíbúnaði stefnenda megi ráða að þau viðurkenni að landamerki Ófeigsfjarðar og Engjaness séu Eyvindarfjarðará frá upptökum til ósa, en ágreiningurinn snúist um það hvar upptökin séu. Ekki verði annað ráðið af gögnum málsins en að Eyvindarfjarðará eigi upptök sín á vatnaskilum við Djúp og áður hafi meginupptakavísl hennar runnið úr Drangajökli og geri jafnvel enn.

Málalíbúnaður stefnenda sé í fullkomnu ósamræmi við fyrri yfirlýsingar sumra þeirra. Stefnendurnir Guðjón Egill Ingólfsson, Lára Valgerður Ingólfssdóttir og Þórhildur Hrönn Ingólfssdóttir, ásamt Sveini Kristinssyni frá Dröngum og fleiri aðilum, hafi kært ákvörðun hreppsnefndar Árneshrepps frá 30. september 2018 um samþykki deiliskipulags, dags. 27. júlí 2018, og umhverfisskýrslu Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Í kærinni, dags. 26. október 2018, segi m.a.: *Kærendurnir Elías, Sólveig og Sveinn eiga hluti í jörðinni Seljanesi ..., sem er næsta jörð við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Hvalá. Kærendurnir Guðjón, Lára og Þórhildur, eiga hluti í fasteigninni Eyri lóð 2, í Ingólfsfirði ... Ljóst er að þær framkvæmdir sem boðaðar eru í hinu kærða deiliskipulagi hafi veruleg áhrif á landeigendur að Seljanesi og Eyri svo og virkjunarframkvæmdir í heild sinni.*

Í ljósi þess sem haldið sé fram í stefnu verði að telja undarlegt að kærendur minnst ekkert á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á jarðirnar Dranga og Drangavík sem fyrrgreindir kærendur eigi einnig að hluta. Ástæða ósamræmis milli fyrrnefndrar kæru og stefnu í máli þessu sé sú, að stefnendur hafi einfaldlega verið á þeirri skoðun að framkvæmdirnar snertu ekki jarðirnar Dranga og Drangavík og megi það til sanns vegar færa. Þetta fái einnig stoð í skýrslu Sveins Kristinssonar frá 2018 til Umhverfisstofnunar í tengslum við friðun Dranga.

Í stefnu segi að einn eigenda Dranga, Sveinn Kristinsson, hafi staðfest í bréfi til óbyggðanefndar og í skýrslutökum fyrir nefndinni að jörðin Drangar liggi ekki að Engjanesi. Þetta bréf sé frá 5. desember 2019 og í því dragi Sveinn til baka eigin lýsingu á því hvaða jarðir eigi land að Dröngum í suðri, sem fram komi í greinargerð hans til umhverfisráðherra frá 19. nóvember 2018. Í greinargerðinni segi: *Jörðin Drangar á merki að jörðunum Drangavík og Engjanesi að sunnan og Skjaldabjarnarvík að norðan.*

Skýrslugjöf annarra eigenda Dranga, þeirra Jóns Kristinssonar og Bjarnveigar Samúelsdóttur, fyrir óbyggðanefnd bendi ekki til annars en að að þeirra áliti ráði vatnaskil landamerkjum jarða á svæðinu. Bjarnveig hafi litið á land Drangavíkur og Engjaness sem eina heild og henni hafi verið ókunnugt um landamerki milli þeirra og Jón hafi talið að landamerki Engjaness næðu ekki lengra en að ósi Eyvindarfjarðarár þar sem hún falli til sjávar.

Í fyrrgreindri kæru sumra stefnenda á deiliskipulagi Árneshrepps frá 26. október 2018 segi einnig: *Hið deiliskipulagða svæði er í landi Ófeigsfjarðar í Árneshreppi sem m.a. liggur að landi Seljaness í austri.* Í ljósi málatilbúnaðar stefnenda í málinu veki furðu að því skuli ekki hafa verið haldið fram að Ófeigsfjörður eigi land að Drangavík í norðri. Augljóst sé að stefnendur hafi ekki talið sig eiga land að Ófeigsfirði nema í austri (Seljanes) og þau viti að land Engjaness liggi á milli Ófeigsfjarðar annars vegar og Drangavíkur og Dranga hins vegar. Hluti hins deiliskipulagða lands hafi því verið innan þeirra landamerkja Drangavíkur sem tilgreind séu í aðalkröfu eigenda 75,5% hluta jarðarinnar, sem samræmist ekki yfirlýsingu þeirra um að allt hið deiliskipulagða land sé í landi Ófeigsfjarðar.

Aðilar málsins séu sammála um að engir samningar hafi verið gerðir eftir skráningu landamerkjabréfanna árið 1890 sem breyti merkjum milli jarðanna og að merkjalýsingar þeirra skuli gilda. Stefndu og gagnstefnandi taki undir yfirlýsingu um þetta í stefnu og séu aðilar því við hana bundnir við úrlausn málsins.

Landamerkjabréf Drangavíkur lýsi merkjum á móti Dröngum svo:

Milli Dranga er Drangatangi við sjóinn sjónhending af lægsta Skarðatindinum á vörðu þá sem er á klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eftir þeirri línu til sjóar.

Landamerkjabréfið lýsi merkjum á móti Engjanesi svo:

En milli Drangavíkur og Engjaness er Þrælskleif og nordanverðu kúpóttur klettur og varða beint upp af honum.

Þar með sé lýsing merkja lokið og því eðlilegast samkvæmt orðanna hljóðan að túlka lýsinguna svo að efri mörk Drangavíkur væru lína dregin á milli vörðunnar og lægsta Skarðatindsins og loka þannig hringnum. Í ljósi þess hvernig landamerki séu almennt ákvörðuð á Ströndum væri slík túlkun óeðlileg. Landamerkjalyfing Drangavíkur hafi ávallt verið skilin svo að vatnaskil ráði merkjum inn til landsins frá þessum tveimur punktum, vörðunni annars vegar og lægsta Skarðatindinum hins vegar.

Til samanburðar sé gagnlegt að skoða landamerkjalyýsingu Dranga, sem lýsi suðurmerkjum jarðarinnar á nákvæmlega sama hátt og norðurmerkjum Drangavíkur er lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar. Í lok landamerkjalyýsingar Dranga sé eftirfarandi setning sem ekki sé í landamerkjalyýsingu Drangavíkur: *Til fjalls á jörðin land svo langt sem vötnum hallar að láglandi hennar.* Það sama eigi við í tilfelli Drangavíkur.

Gagnlegt sé að skoða landamerkjalyýsingu Skjalda-Bjarnarvíkur til samanburðar, þar sem merkjum sé lýst svo: *Jörðin á land og reka norður í klett þann, sem er nordan til við Geirhólmagnúp og kallaður er Biskup, að sunnanverðu á jörðin land og reka að Bjarnafjardará og eru þar skír landamerki milli Skjaldarbjarnarvík og Dranga.* Kletturinn Biskup sé við sjó, en ekki hafi þótt ástæða til þess að lýsa norðurmerkjunum nánar, enda ráði hæstu fjallsbrúnir og vatnaskil merkjum jarðarinnar frá Biskupi til Drangajökuls eftir fornri venju og þannig hafi eigendur Skjalda-Bjarnarvíkur lýst kröfu fyrir óbyggðanefnd.

Landamerkjabréf Ófeigsfjarðar lýsi merkjum svo:

Land jarðarinnar er frá Helgaskjóli og norður að Eyvindarfjardará og eru þar skír landamerki, fram til fjalls á Ófeigsfjörður svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi ...

Í stefnu komi fram að landamerkjabréfið lýsi ekki merkjum til upptaka árinna. Gagnlegt sé að skoða landamerkjabréf nærliggjandi jarða til samanburðar. Landamerkjabréf Dranga segi um norðurmerki jarðarinnar á móti Skjalda-Bjarnarvík:

Land jarðarinnar að norðanverðu við bæjinn er norður að Bjarnarfjardará og eru þar skír landamerki milli Skjaldarbjarnarvíkur og Dranga.

Hingað til hafi ekki verið um það deilt að Bjarnarfjardará ráði merkjum milli Dranga og Skjalda-Bjarnarvíkur frá upptökum til ósa jafnvel þótt ekki sé það tekið fram í landamerkjalyýsingunni. Það sama eigi við í tilfelli Ófeigsfjarðar og Engjaness.

Stefnendur haldi því fram í málinu að Eyvindarfjardará beri einungis það nafn að útfalli árinna úr Neðra-Eyvindarfjarðarvatni og telji það upptök árinna. Það sé þó síður en svo einsdæmi að vatnsfall renni um stöðuvötn á leið sinni til sjávar, en haldi þrátt fyrir það nafni sínu frá upptökum til ósa. Nærtækast sé að nefna Sogið í þessu sambandi.

Hæstiréttur Íslands hafi í dómum sínum mótað þá reglu að taka verði mið af aðstæðum og staðháttum á hverjum stað þegar texti landamerkjabréfs sé túlkaður. Við skoðun landamerkjabréfs Ófeigsfjarðar út frá landfræðilegum staðháttum, landamerkja- og ritvenju á svæðinu og aðstæðum öllum sé ekki önnur niðurstaða tæk en að fallast á sýknukröfu stefndu eigenda Ófeigsfjarðar og kröfur gagnstefnanda.

Eftir gildistöku laga nr. 5/1882 um landamerki voru gerð landamerkjabréf fyrir allar jarðir á þrætusvæðinu og hafi bréfin verið þinglesin án athugasemda 2. júlí 1890. Í stefnu sé því haldið fram að ekki sé skrifað upp á landamerkjabréf af hálfu eiganda Dranga og ekki upp á landamerkjabréf Dranga af hálfu eiganda Engjaness. Jafnvel þótt

fallist væri á að undirritanir skorti á landamerkjabréf, þá hafi sú skipan mála um merki Drangavíkur og annars vegar Ófeigsfjarðar og hins vegar Engjaness sem þar er mælt fyrir um, staðið óbreytt frá upphafi og án þess að gögn málsins beri með sér að eigendur Drangavíkur hafi nokkru sinni hreyft andmælum gegn gildi þeirra fyrr en nú. Jarðirnar hafi þó gengið kaupum og sölum í millitíðinni. Landamerkjabréf séu í eðli sínu samningar séu þau samþykkt af eigendum eða umráðamönnum aðliggjandi jarða. Þegar litið er til þessa eðlis landamerkjabréfa sé ekki hægt að fallast á að núna, rúmum 130 árum eftir gerð landamerkjabréfa jarðanna og athugasemdalausán þinglestur þeirra, geti eigendur jarða haft uppi andmæli gegn gildi bréfsins vegna þess hvernig háttáð var undirritunum á það. Réttur þeirra í þeim efnum sé fallinn niður fyrir tómlætis sakir.

Í gagnstefnu og greinargerð stefndu sé jafnframt ítarlega mótmælt fjölmörgum staðhæfingum og málsástæðum stefnenda með vísun til framangreindra sameiginlegra raka og málsástæðna gagnstefnanda og stefndu eigenda Ófeigsfjarðar í málinu og gagna sem þeir hafa lagt fram.

Ekkert geti rökstutt það að við úrlausn þessa máls verði miðað við önnur landamerki en þau sem til þessa hafi verið talin gilda. Ekki verði byggt á gagni sem stefnendur hafi aflað einhliða og án vitundar eigenda 25,5% hlutar í Drangavík sumarið 2019 og gefi til kynna allt önnur landamerki sem margfaldi stærð jarðarinnar.

Opinberir aðilar hafi byggt á sömu landamerkjum og byggt hafi verið á í tengslum við fyrirhugaða virkjun Hvalár og enginn ágreiningur virðist hafa verið um, enda hafi enginn stefnenda gert athugasemdir við frummatsskýrslu virkjunarinnar og raunar enginn hreyft andmælum við þeim landamerkjum sem þar komi fram.

Umhverfisstofnun hafi í tengslum við friðlýsingu jarðarinnar Dranga byggt á sömu þinglýstu landamerkjum og komi fram í gögnum í tengslum við matsskýrslu og við umhverfismat. Hafi umhverfisstofnun haft þær upplýsingar eftir eigendum Dranga, enda friðlýsingin að þeirra frumkvæði.

Sömu afstöðu megi sjá í kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á svæði 10A, þar sem byggt sé á því að jörðin Engjaness eigi land að Drangajökli.

Þá sé byggt á framangreindum landamerkjum í aðalskipulagi Árneshrepps fyrir árin 2005–2025. Ekki sjái þess stað að gerður hafi verið ágreiningur um þessi landamerki, að minnsta kosti ekki frá árinu 1890, fyrr en nú í tengslum við áformaðar framkvæmdir.

Um lagarök sé vísað til laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. og meginreglna íslensks réttar um landamerki fasteigna. Málskostnaðarkrafa byggist á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður aðalstefnenda í gagnsök

Í gagnsök krefjast stefnendur sýknu af kröfum gagnstefnanda á þeim grundvelli að engin skynsamleg rök eða heimildir styðji að landamerki Engjaness og Drangavíkur ofar Drangavíkurfjalls séu með þeim hætti sem gagnstefnandi haldi fram. Gagnstefnanda hafi ekki í gagnstefnu tekist að hrekja það að málsástæður sem komi fram í stefnu í aðalsök eigi við rök að styðjast.

Ekki megi draga miklar ályktanir af ætluðum landnámsmörkum í uppdrætti Haraldar Matthíassonar í ritinu Landið og Landnáma þar sem landnám Drangavíkur séu merkt með brotinni punktalínu. Í formála bókarinnar séu gerðir fyrirvarar og þess getið að landnámsmörk hafi víða verið óviss og tákni brotin lína líkleg landnámsmörk eða vafasöm. Þá byggist uppdráttur í Árbók Ferðafélagsins frá árinu 2000 og uppdrættir í aðalskipulagi Árneshrepps frá 2014 á sömu heimildum og Nytjalandsuppdrátturinn frá 2002, það er frásögn Hauks Jóhannessonar. Þessir uppdrættir hafi ekkert upplýsingagildi í máli um eignarrétt. Ekki sé hægt að draga víðtækar ályktanir af landakorti frá 18. öld sem sýni harla lítið. Eyvindarfjarðará virðist þar ná litlu lengra inn til lands en Drangavíkurvatn, en Eyvindarfjarðarvatn sé ekki á þessum uppdrætti. Það vatn sé ekki komið inn á kort Herforingjaráðsins í byrjun 20. aldar, sem sýni að dönsku kortagerðarmennirnir hafi ekki farið upp dalinn til að mæla heldur látið duga að mæla hlíðar dalsins frá mynni hans og hafi því misst af sjálfu Eyvindarfjarðarvatni um miðbik dalsins, enda sé það ekki sjáanlegt frá ströndinni. Ekki sé því hægt að draga nokkrar ályktanir um nákvæmni korta af hinum fáfarna Eyvindarfjarðardal. Engar heimildir séu fyrir nýtingu eigenda Engjaness á umþrættu svæði, en búseta á jörðinni virðist hafa verið bundin við ströndina og hún verið rekajörð þannig að mörk jarðarinnar til fjalls hafi engu máli skipt.

Þó svo að einhverjir eigenda Drangavíkur hafi ekki velt fyrir sér takmörkum jarðarinnar fyrr en þeim hafi verið ljóst að gagnstefnandi hefði ekki lögmætar heimildir fyrir landsvæði því sem nú sé deilt um verði hann að byggja rétt sinn á skýrum heimildum um eignarrétt eða hefð, en hvorugu sé til að dreifa. Hann virðist hafa sinn fróðleik frá aðilum sem telji sig hafa ráðstöfunarrétt á vatnsréttindum Eyvindarfjarðará og allra kvísla er renni í Eyvindarfjarðarvatn, sem komi ekki saman við landamerkjalyfingu jarðarinnar Engjaness. Þetta verði ekki til þess að eignarréttur myndist á örfáum árum og ekki verði á því byggt að tómlæti gagnstefndu jafngildi viðurkenningu á eignarrétti gagnstefnanda. Það eina sem gagnstefnandi hafi í höndum til að byggja eignartilkall sitt á sé landamerkjaskráin og hún beri þess ekki vott að að hann hafi á réttu að standa. Gagnstefnandi verði að minnsta kosti að sýna fram á að hann hafi samkvæmt þinglýstum heimildum átt betri rétt en stefnendur ætli hann að byggja eignarrétt sinn á athafnaleysi núverandi eigenda Drangavíkur. Ekkert bindi eigendur Drangavíkur annað en þinglýsingar á þá jörð, en þinglýsingar samninga á aðrar jarðir leiði ekki til skerðingar á eign eigenda Drangavíkur.

Málsástæður og lagarök stefndu eigenda 25,5% Drangavíkur

Stefndu eigendur að 25,5% hlut í jörðinni Drangavík telja að landamerki jarðarinnar samræmist kröfu gagnstefnanda í málinu og taka undir allar framangreindar málsástæður hans og stefndu eigenda Ófeigsfjarðar og gera að sínum. Þá taka þeir undir lýsingu þeirra á málavöxtum varðandi landnám, framsal og yfirfærslu eignarréttar og lýsingar á landamerkjum jarðanna.

Þar sem í stefnu málsins eru þessir sameigendur stefnenda að Drangavík ýmist nefndir stefndu eða réttargæslustefndu vildu þeir stefna sér til meðalgöngu í málinu, en slíkri aðild var hafnað með frávísun í úrskurði þar sem dómurinn leit svo á að þeim hefði verið stefnt og ættu því þegar fulla aðild að málinu, enda kröfur gerðar á hendur þeim, og undu þeir þeim úrskurði. Þessir stefndu höfðu þá lagt fram greinargerð í málinu og krefjast þar sýknu af öllum kröfum stefnenda og gera jafnframt gagnkröfur í málinu varðandi landamerki, samhljóða kröfum gagnstefnanda svo sem fyrir greinir.

Þessir stefndu kveða alla núverandi eigendur Drangavíkur rekja eignarhald sitt til eignarhalds Sögunar hf. á jörðinni og byggjast á arfi frá eigendum hlutafélagsins. Stefndu systurnar Ásdís, Guðrún Anna og Sigríður Gunnarsdætur hafi í uppvexti sínum aðstoðað við vinnu við nýtingu rekaviðar á fjörum í Drangavík. Samkvæmt frásögn hinna eldri hafi þær vitað að jörðin Drangavík væri í raun lítil, aðeins víkin og landið upp af henni til Drangavíkurfjalls. Landið upp að jökli hafi ekki verið talið eign Drangavíkur og hafi verið einhugur um landamerki jarðarinnar. Eiginmaður Guðrúnar Önnu, Ásgeir Gunnar Jónsson, hafi að beiðni Gunnars og Ingólfs Guðjónssona hafið vinnu við uppdrátt landamerkja inn á landakort á árunum 1991 til 1993 og lokið færslu afraksturs þeirrar vinnu á tölvutækt form árið 2014. Hann hafi verið staðkunnugur og jafnframt leitað heimilda hjá þeim bræðrum og föður þeirra, Guðjóni Guðmundssyni, auk þess að leita um heimildir til Kristins Jónssonar á Seljanesi og Péturs Guðmundssonar í Ófeigsfirði. Kortið sé í megindráttum í samræmi við framlögð gögn, rök og kröfur gagnstefnanda hvað varði land Drangavíkur.

Eignarhald Drangavíkur hafi í tímans rás færst í hendur erfingja fyrrum eigenda Sögunar hf. Systurnar hafi hlotið í föðurarf hver um sig 7,5% eignarhluta í jörðinni. Ekki sé kunnugt um annað en að allir hafi verið sammála um landamerki jarðarinnar fram yfir 26. október 2018, en þá hafi þrír meðeigendur stefndu að Drangavík, þau Guðjón Egill Ingólfsson, Lára Valgerður Ingólfsdóttir og Þórhildur H. Ingólfsdóttir, sem eigendur að Eyri við Ingólfsfjörð, kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samþykki Árneshrepps á deiliskipulagi. Í kærinni sé meðal annars fjallað um röskun á svæðinu ofan Eyvindarfjarðarvatns, án þess að þau hafi kært sem eigendur þess lands, sem þau telji sig nú eiga að hluta.

Ólafur Ingólfsson, eiginmaður stefndu Svanhildar Guðmundsdóttur, hafi átt 3% hlut í Drangavík og jafnframt verið eigandi Engjaness. Hann hafi selt gagnstefnanda þá

jörð og upplýsingar til hans við kaupin staðfesti Svanhildur að hafi verið í samræmi við lýsingu og kort Ásgeirs Gunnars á landamerkjum jarðanna.

Stefndu hafi frétt úr fjölmiðlum 24. júní 2019 að sumir sameigenda þeirra teldu sig eiga víðfeðmi lands langt upp að jökli og hafi þar verið stuðst við uppdrátt Sigurgeirs Skúlasonar. Stefndu hafi talið þennan uppdrátt marklausan þar sem hvorki hefði verið stuðst við heimildarmenn, landamerkjabréf, fornar hefðir um vatnsföll, vatnaskil og fjallseggjar og mótmæltu þessu sem röngu. Með fréttatilkynningu stefnenda 17. apríl 2020 hafi stefndu, 25,5% eigenda Drangavíkur, frétt af málshöfðun þessari, án samráðs við þá og í þeirra óþökk og verði málshöfðunin að skoðast í ljósi yfirlýsts markmiðs stefnenda samkvæmt fréttatilkynningu þeirra. Eigendur Drangavíkur hafi aldrei efast um landamerki jarðarinnar fyrr en þá.

Forráðamenn og eigendur Sögunar hf. hafi aldrei átt og hafi aldrei talið sig eiga land á þrætusvæðinu og hluti stefnenda, þau Guðjón Egill, Lára Valgerður og Þórhildur hafi a.m.k. fram yfir 26. október 2018 ekki talið sig eigendur hins umdeilda lands. Erfingjar eigenda Sögunar hf. geti aldrei eignast meira en arfleiðendur áttu og gildi það fyrir alla erfingja þó að sumir þeirra, af umhverfisást eða öðrum ástæðum, telji að beita megi öllum ráðum til að stöðva löglegar framkvæmdir á landi annars manns.

Þess sé í málinu krafist að Svanhildur Guðmundsdóttir verði dæmd fyrir hönd dánarbús Ólafs Ingólfssonar til að eignast land sem Ólafur hafi sjálfur selt gagnstefnanda. Því sé harðlega mótmælt. Þá sé verið að krefjast þess að land eyðijarðarinnar Drangavíkur verði fært yfir á lendur nágretta og að eigendur 25,5% jarðarinnar verði dæmdir til að eiga land sem þeir hafi ekki hlotið við arf. Því sé mótmælt, enda sé hið umdeilda land ótvíræð eign gagnstefnanda og stefndu eigenda Ófeigsfjarðar.

Með stefnu telji stefndu Ásdís, Guðrún Anna og Sigríður að vegið sé að heiðarleika þeirra og æru föður, afa og frænda sem aldrei hafi talið sig eiga þetta land og hafi sýnt það í orði og verki. Sama gildi um stefndu Svanhildi, að þar sé vegið að æru látins eiginmanns hennar, Ólafs Ingólfssonar. Stefndu byggi á þeirri meginreglu eign- og erfðaréttar að erfingjar geti aldrei eignast meira en arfleiðandi átti.

Stefnendur og stefndu sameigendur að Drangavík eigi óskipta aðild að málinu samkvæmt 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnendur telji það eignarréttarskerðingu fyrir þá geti þeir ekki haldið meintum réttindum sínum til haga og telji að stefndu sameigendur þeirra skaðist ekki af málsókninni og að ekki sé gengið á réttindi þeirra sem sameigenda. Þessu sé vísað frá sem alröngu. Sæmd, heiður og heiðarleiki séu mikilvægir hagsmunir sem ekki verði metnir til fjár. Það eigi líka við um æru látinna sem ekki geti borið hönd fyrir höfuð sér. Fyrir sameigendur stefnenda snúist þetta ekki einungis um efnisleg verðmæti heldur önnur verðmæti sem séu meira virði.

Stefndu krefjist sýknu af öllum kröfum stefnenda og krefjast þess með vísan til 4. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 að fallist verði á allar kröfur gagnstefnanda. Um lagarök

sé einnig vísað til laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Krafa um málskostnað byggist á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málatilbúnaður stefnda eiganda Laugalands

Af hálfu stefnda Sæmarkar ehf., eiganda Laugalands, var lögð fram yfirlýsing þann 20. október 2020 um að hann myndi ekki láta málið til sín taka fyrir dóminum. Ástæða þess væri að land jarðarinnar Laugaland liggi ekki að landi Drangavíkur vegna þess að lönd jarðanna Engjaness og Ófeigsfjarðar skilji þau að. Landamerki Laugalands og Ófeigsfjarðar séu ágreiningslaus milli eigenda jarðanna.

Með framangreindri yfirlýsingu stefnda voru engar kröfur gerðar og ekki var lögð fram greinargerð í málinu. Af hans hálfu voru þinghöld sótt við meðferð málsins og við aðalmeðferð þess var krafist málskostnaðar honum til handa úr hendi stefnenda, en af þeirra hálfu var kröfunni þegar mótmælt sem of seint fram kominni.

Málsástæður og lagarök réttargæslustefndu

Réttargæslustefndi Fornasel ehf., eigandi Dranga, hefur ekki látið málið til sín taka og af hans hálfu er engin krafa gerð um málskostnað, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991.

Réttargæslustefndi íslenska ríkið lagði fram greinargerð í málinu og krefst málskostnaðar sér til handa úr hendi stefnenda. Réttargæslustefndi vísar um atvik og um eldri heimildir um jarðirnar til umfjöllunar óbyggðanefndar í úrskurði hennar í máli nr. 1/2019 frá 21. febrúar 2020, en telur ágreining málsaðila um landamerki jarðanna vera sér óviðkomandi og að úrlausn hans hafi enga þýðingu við síðari ákvörðun um mörk eignarlanda og þjóðlendna á svæðinu.

Réttargæslustefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnenda, meðal annars þeim að landnám á svæðinu hafi náð svo langt inn til landsins sem þeir haldi fram og að skilja beri landamerkjabréf eða aðrar heimildir þannig að eignarland jarða á svæðinu nái allt til Drangajökuls eða um svæðið austan og sunnan hans. Ágreiningssvæðið í málinu liggja að þjóðlendu þeirri sem ákvörðuð hafi verið með úrskurði óbyggðanefndar 21. febrúar 2020.

Í því máli hafi réttargæslustefndi krafist þess að viðurkennt yrði að hluti Drangajökuls væri þjóðlenda og fram hafi komið kröfur frá eigendum jarðanna Dranga, Drangavíkur, Ófeigsfjarðar og Engjaness. Niðurstaða óbyggðanefndar hafi verið sú að sá hluti Drangajökuls sem þjóðlendukrafan tók til væri utan landamerkja þessara jarða og hafi jökulsvæðið verið úrskurðað þjóðlenda. Í úrskurðinum sé tekið sérstaklega fram að landamerkjabréf þeirra jarða, sem kröfum var lýst vegna og annarra, væru að nokkru leyti óljós hvað varðaði landamerki gagnvart jöklinum og heiðinni austan og sunnan hans. Það eigi sérstaklega við um merki Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar. Fram komi í úrskurðinum að heimildir um jarðirnar bendi til þess að landsnytjar þeirra og hlunnindi hafi gegnum tíðina að langmestu leyti verið bundin við svæðið næst sjónum, í

tengslum við reka, hvalreka, eggjatekju, selveiði og fiskveiði, auk nytja á landi til hefðbundins búskapar nærri bæjarstæðunum við sjóinn. Ætla megi að verðmæti jarðanna hafi einkum ráðist af þessum nytjum næst ströndinni fremur en landstærð. Heimildir greini ekki frá nytjum uppi á heiðinni nærri Drangajökli, þar sem land sé mjög lítið gróið.

Í kjölfar breytinga á lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, með lögum nr. 34/2020, sem heimiluðu óbyggðanefnd að taka til meðferðar tiltekin svæði þar sem málsmeðferð hefði verið lokið, tilkynnti óbyggðanefnd réttargæslustefnda um þá ákvörðun sína að taka til meðferðar svæði austan og sunnan Drangajökuls. Eftir höfðun máls þessa lýsti réttargæslustefndi þann 18. janúar 2021 þjóðlendukröfu á þessu svæði. Tekur hún til þess svæðis sem afmarkað er í kröfugerð stefnenda í þessu máli, en umfjöllun óbyggðanefndar um það svæði er ekki lokið. Enda þótt slík mál verði samkvæmt 14. gr. laga nr. 58/1998 ekki borin undir dómstóla fyrr en óbyggðanefnd hefur lokið umfjöllun sinni taldi réttargæslustefndi leiða af dómi Hæstaréttar í máli nr. 210/2006 að ákvæðið stæði því ekki í vegi að leyst yrði úr ágreiningu þessa máls. Var sá skilningur staðfestur í Landsrétti með úrskurði í máli nr. 275/2021 þann 20. maí 2021. Talið var að í máli þessu væri um að ræða ágreining um mörk eignarlanda en ekki ágreining um mörk eignarlanda og þjóðlendu.

Réttargæslustefndi íslenska ríkið telur að niðurstaða efnisþáttar málsins varði ekki störf óbyggðanefndar og muni ekki hafa bindandi áhrif gagnvart réttargæslustefnda, sem ekki sé aðili að málinu í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Um lagarök sé vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Jafnframt sé vísað til laga nr. 91/1991, þar á meðal 21. gr. og 1. mgr. 116. gr. laganna, og um málskostnaðarkröfu sé jafnframt vísað til XXI. kafla laganna.

Niðurstaða

Helstu ágreiningsefnum aðila er lýst í sérstökum kafla hér að framan og vísast til þess sem þar kemur fram. Í málinu gera eigendur 74,5% óskiptrar jarðarinnar Drangavíkur kröfur um að viðurkennd verði önnur landamerki jarðarinnar en miðað er við að gildi meðal annars í skipulagi sveitarfélagsins Árneshrepps, sem jörðin tilheyrir.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 eiga þeir óskipta aðild að máli sem saman bera óskipt réttindi eða bera óskipta skyldu. Í 2. mgr. lagagreinarinnar er svo mælt fyrir að vísa beri máli frá dómi ef þeim sem bera óskipta skyldu er ekki öllum veittur kostur á að svara til sakar eða ef þeir sem eiga óskipt réttindi sækja ekki mál í sameiningu, að því leyti sem krafa er höfð uppi um hagsmuni einhvers þeirra sem á ekki aðild að því. Þetta lagaákvæði á við í málinu að því leyti að eigendur 25,5% jarðarinnar Drangavíkur, sem eiga óskipta aðild með stefnendum í aðalsök, taka ekki þátt í málsókn þeirra, en þessum sameigendum stefnenda er stefnt til að þola dóm um ný landamerki jarðarinnar

og hafa tekið til varna. Þeir eiga því aðild að málinu og eiga þess kost að gæta hagsmuna sinna. Verður máli stefnenda því ekki vísað frá dómi án kröfu á þeim grundvelli að samaðilar þeirra hefðu þurft að standa með þeim að málssókninni. Af sömu ástæðu verður gagnsök ekki vísað frá dómi án kröfu þó að þar sé aðeins stefnt aðalstefnendum sem eiga 74,5% jarðarinnar, en ekki samaðilum þeirra sem þegar áttu aðild að málinu.

Í 4. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 er svo fyrir mælt að séu kröfur eða yfirlýsingar þeirra sem eiga óskipta aðild ósamrýmanlegar skuli telja aðilana alla bundna við þá kröfu eða yfirlýsingu sem er gagnaðila hagkvæmust, nema sýnt sé að hún sé röng eða þann sem setti hana fram hafi sér að ósekju skort vitneskju um málsatvik eða stöðu sína að lögum. Svo sem að framan er rakið í köflum um kröfur og málsástæður aðila andmæla sameigendur stefnenda í aðalsök kröfum þeirra og taka í einu og öllu undir kröfur gagnstefnanda í gagnsök málsins. Eru kröfur þeirra sem eiga óskipta samaðild því ósamrýmanlegar. Ekki eru efni til að telja að stefndu 25,5% eigenda að Drangavík hafi skort vitneskju um málsatvik eða stöðu sína að lögum þegar settar voru fram kröfur þeirra, málsástæður og yfirlýsingar í málinu. Af þessu leiðir að við úrlausn málsins getur ekki komið til álita að fallast á kröfur stefnenda í aðalsök nema því aðeins að þeir sýni fram á að sýnt sé að ósamrýmanlegar kröfur og yfirlýsingar samaðila þeirra séu rangar.

Ágreiningslaust er að landamerki jarðanna Engjaness og Drangavíkur liggja frá sjó eftir fjallsbrún Drangavíkurfjalls, en inn til landsins er verulegur ágreiningur um landamerkin. Aðilar eru sammála um að leggja beri þinglýst landamerkjabréf jarða á svæðinu frá árinu 1890 til grundvallar landamerkjum, svo langt sem þau ná.

Landamerkjabréf Drangavíkur um mörk gagnvart Engjanesi og landamerkjabréf um Engjanes um mörk gagnvart Drangavík eru þó ekki afgerandi um jarðamörkin inn til landsins. Einkum þegar kemur að túlkun á því hvað felist í því að mörkin, sem eiga upphafspunkt næst sjó við vörðu ofan Þrælskleifar, fari svo eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará. Hér er deilt um það hvar fjallsbrúnnin endar og hvaða stað sé átt við í Eyvindarfjarðará, sem ræður svo merkjum til sjávar milli Engjaness og Ófeigsfjarðar. Hvort það sé þá við upptök árinna í kvíslum uppi á heiðinni eða hvort mörkin séu við ána þar sem hún rennur í fossi niður gljúfur úr Eyvindarfjarðarvatni. Þann stað vilja stefnendur í aðalsök miða landamerkin við og kalla hann reyndar í kröfugerð sinni ós árinna, en af málalíbúnaði þeirra að öðru leyti verður þó ráðið að þeir telji þar vera upptök hennar, en ekki ósinn þar sem áin rennur til sjávar. Gagnstefnandi og stefndu telja á hinn bóginn upptök árinna vera ofan vatnsins í tveimur kvíslum og telja að landamerki jarðanna eigi að fylgja hæstu fjallsbrún áfram að ánni nær þeim upptökum og fylgja svo vatnaskilum ofar í heiðinni, ofan Drangavíkurdals, að landamerkjum Dranga og beggja jarðanna, Engjaness og Drangavíkur, við hnúk norðaustan Kringluvatns.

Önnur skjallæg gögn sem kröfur gagnstefnanda og sameigenda aðalstefnenda að Drangavík styðjast við eru meðal annars kort um landnámsjarðir sem birt er í riti Haraldar

Matthíassonar Landið og Landnáma, sóknarlýsingar Vestfjarða byggðar á lýsingum presta frá 19. öld, bæði um Eyvindarfjarðará og um að Drangavíkurfjall liggi fram undir eystri sporðinn á Drangajökli og Ófeigsfjarðarheiði, svo og kort herforingjaráðsins frá 1914, sem styrkir túlkun gagnstefnanda á óumdeildum landamerkjabréfum jarðanna frá 1890. Einnig styðjast kröfurnar við ályktanir óbyggðanefndar í úrskurði á árinu 2020 um upptök Eyvindarfjarðarár ofan Eyvindarfjarðarvatns og uppdrætti Ásgeirs Gunnars Jónssonar, sem hann byggir á heimildum heimamanna frá því fyrir síðustu aldamót og hann staðfesti í vitnisburði fyrir dómi. Auk þess styðjast þær við uppdrætti sem byggjast á heimildasöfnun Hauks Jóhannessonar og birtast í Árbók Ferðafélagsins á árinu 2000, Nyttjalandsuppdráttum frá 2002 og uppdráttum sem stuðst hefur verið við í aðalskipulagi sveitarfélagsins Árneshrepps. Þessi gögn renna öll stoðum undir málatilbúnað gagnstefnanda og samaðila stefnanda um að jarðamörkin samrýmist kröfum þeirra og yfirlýsingum. Að því marki sem stefnendur vísa til sömu gagna hafa þeir að mati dómsins ekki fært sannfærandi rök fyrir túlkun sinni á þeim heimildum. Með stefnu var lagður fram uppdráttur með kröfulínu stefnanda og segir í stefnu að hún hafi verið dregin upp og hnitsett að beiðni stefnanda af Sigurgeiri Skúlasyni landfræðingi sumarið 2019. Þar segir að hann hafi stuðst við hin þinglýstu landamerkjabréf, en það hefur hvorki verið staðfest með gögnum né vitnisburði fyrir dómi.

Að virtum aðstæðum á vettvangi og að teknu tilliti til allra gagna málsins telur dómurinn að sú lýsing í óumdeildu landamerkjabréfi Engjaness að landamerki fylgi hæstu fjallsbrún sé fremur í samræmi við það sem gagnstefnandi og stefndu halda fram, að mörk jarðanna liggi eftir brún Drangavíkurfjalls inn á heiðina og fylgi svo hæstu brún á vatnaskilum í norðvestur ofan Drangavíkurdals að landamörkum í hnúk þar sem landamerki Dranga, Drangavíkur og Engjaness mætast, en ekki að landamerkjalinan liggi niður af brún Drangavíkurfjalls að Eyvindarfjarðará þar sem hún rennur úr Eyvindarfjarðarvatni, svo sem stefnendur halda fram.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða dómsins að stefnendum í aðalsök hafi ekki tekist að sýna fram á að sýnt sé að yfirlýsing sameigenda þeirra um að landamerki jarðarinnar séu í samræmi við það sem gagnstefnandi heldur fram sé röng.

Samkvæmt því verður fallist á kröfur gagnstefnanda í gagnsök og samhljóða gagnkröfur stefndu sameigenda stefnanda í aðalsök. Það felur jafnframt í sér að kröfur í aðalsök varðandi landamerki Drangavíkur gagnvart jörðunum Ófeigsfirði og Laugalandi eru haldlausar þar sem jarðirnar geta samkvæmt þessari niðurstöðu ekki átt land að Drangavík og verða allir stefndu í aðalsök því sýknaðir af kröfum aðalstefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 skal sá sem tapar máli í öllu verulegu að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Með vísun til þessa og til úrslita málsins verður stefnendum gert að greiða gagnaðilum sínum málskostnað.

Stefndi Sæmörk ehf. gerði engar kröfur í málinu þar til kom að málflutningi við aðalmeðferð málsins en þá var af hálfu félagsins gerð krafa um málskostnað. Henni var þá þegar mótmælt af hálfu lögmanns stefnenda sem of seint fram kominni. Krafan var allt of seint fram komin, hún kemst því ekki að í málinu og verður henni vísað frá dómi. Engar kröfur eru gerðar af hálfu réttargæslustefnda Fornasels ehf.

Stefnendum verður því gert að greiða málskostnað stefndu sameigendum sínum að jörðinni Drangavík og réttargæslustefnda íslenska ríkinu, sem krefjast málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, og stefndu eigendum Ófeigsfjarðar og gagnstefnanda, sem krefjast málskostnaðar samkvæmt sameiginlegu málskostnaðaryfirliti lögmanns þeirra. Síðastnefndir aðilar lögðu það til við meðferð málsins að sakarefni þess yrði skipt með þeim hætti að málið yrði flutt um áhrif 4. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 á úrlausn málsins áður en stofnað yrði til frekari kostnaðar, en af því varð ekki sökum eindreginna mótmæla stefnenda, sem vildu freista þess með frekari gagnaöflun og vettvangsgöngu að sýna fram á að ósamrýmanlegar kröfur og yfirlýsingar samaðila þeirra væru rangar. Til þess er að líta við ákvörðun um fjárhæð málskostnaðar að í úrskurði Landsréttar 20. maí 2021 var kærúmálskostnaður felldur niður milli aðila. Kostnaður aðila af málinu er að öðru leyti ódæmdur, en við meðferð málsins var efnt til málflutnings um frestun máls og um réttarfarsatriði og úrskurðir upp kveðnir, annars vegar 20. apríl 2021 og hins vegar 23. febrúar 2022. Að öllu þessu virtu er málskostnaður ákveðinn svo sem nánar greinir í dómsorði þannig að stefnendur skuli í málskostnað óskipt greiða gagnstefnanda og stefndu eigendum Ófeigsfjarðar sameiginlega 8.400.000 krónur, stefndu eigendum 25,5% Drangavíkur sameiginlega 3.000.000 króna og réttargæslustefnda íslenska ríkinu 1.000.000 króna.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 3. september 2021, en kom ekki að meðferð þess fyrir þann dag.

Dómsorð:

Gagnstefnandi, Felix Von Longo-Liebenstein, og stefndu, Nýja húsið Ófeigsfirði, Guðrún Sveinbjörnsdóttir, Gunnar Gaukur Magnússon, Halldóra Hrólfsdóttir, Hallvarður E. Aspelund, Haraldur Sveinbjörnsson, Pétur Guðmundsson, Valdimar Steinþórsson, Þóra Hrólfsdóttir, Halldór Árni Gunnarsson, Sverrir Geir Gunnarsson, Þórunn Hanna Gunnarsdóttir, Ásdís Gunnarsdóttir, Guðrún Anna Gunnarsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Svanhildur Guðmundsdóttir og Sæmörk ehf., eru sýknaðir í aðalsök af öllum kröfum stefnenda, Ásdísar Virkar Sigtryggisdóttur, Guðjóns Egils Ingólfssonar, Gunnars Ólafs Bjarnasonar, Helgu Hauksdóttur, Halldórs Kristjánss Ingólfssonar, Ingunnar Hinriksdóttur, Karls Sigtryggssonar, Láru Valgerðar Ingólfsdóttur, Ólafs Gunnarssonar, Sigríðar Sveinsdóttur, Þórhildar Hrannar Ingólfsdóttur og Valfríðar Möller.

Viðurkennt er að landamerki milli jarðanna Engjaness, L141672, og Drangavíkur, L141670, liggi á eftirfarandi hátt: Frá Þrælskleif við sjó (X376616 Y629809) beina línu í vörðu á Skerjasundsmúla (X375840 Y630555). Úr vörðunni fylgja landamerki hæstu fjallsbrúnum (vatnaskilum) þar sem vötnum hallar til Drangavíkurdals milli eftirtalinna hnita (X373877 Y629158), (X371041 Y627676), (X369008 Y626627) og (X367444 Y627327) allt að hornmarki milli Engjaness, Drangavíkur og Dranga í 475 metra háum hnúk norðan og austan við Kringluvatn (X366426,0626 Y628266,2844).

Stefnendur greiði óskipt gagnstefnanda, Felix Von Longo-Liebenstein, og stefndu, eigendum Ófeigsfjarðar, Nýja húsinu Ófeigsfirði, Guðrúnu Sveinbjörnsdóttur, Gunnari Gauki Magnússyni, Halldóru Hrólfsdóttur, Hallvarði E. Aspelund, Haraldi Sveinbjörnssyni, Pétri Guðmundssyni, Valdimar Steinþórssyni, Þóru Hrólfsdóttur, Halldóri Árna Gunnarssyni, Sverri Geir Gunnarssyni og Þórunni Hönnu Gunnarsdóttur 8.400.000 krónur í málskostnað. Stefnendur greiði óskipt stefndu eigendum 25,5% Drangavíkur Ásdísi Gunnarsdóttur, Guðrúnu Önnu Gunnarsdóttur, Sigríði Gunnarsdóttur og Svanhildi Guðmundsdóttur, 3.000.000 króna í málskostnað. Stefnendur greiði réttargæslustefnda, íslenska ríkinu, 1.000.000 króna í málskostnað.

Málskostnaðarkröfu stefnda Sæmarka ehf. er vísað frá dómi.